FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
93. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR
— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —
FÖSTUDAGUR 21. APRÍL 2017



Fyrstu gestir Veraldar – húss Vigdísar gengu þennan óvenjulega stiga þegar húsið var vígt í gær. Í húsinu mun starfa Vigdísarstofnun – alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar. Þá verður húsið einnig helgað kennslu í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands. Menningarveislu var slegið upp í tilefni af opnuninni og komu listamenn þar fram. Einnig ávarpaði frú Vigdís Finnbogadóttir, sem húsið er kennt við, samkomuna. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Ráðherra svarar ekki landlækni

**Afstaða heilbrigðisráðherra til starfsemi Klíníkurinnar breytist ekki þrátt fyrir gagnrýni landlæknis. Sjúklingar greiða aðgerðir fullu verði. Framkvæmdastjóri Klíníkurinnar segir landlækni vilja hefta starfsemina.**

**STJÓRNMÁL** Afstaða heilbrigðisráðuneytisins er óbreytt til starfsemi Klíníkurinnar, að sögn aðstoðarmanns heilbrigðisráðherra.

Heilbrigðisráðherra neitaði fjölmiðlum um svör í gær vegna harðorðs bréfs landlæknis þar sem hann gagnrýnir meðal annars afstöðu ráðuneytisins til starfsemi Klíníkurinnar, sem er á skjön við afstöðu landlæknis.

Í bréfi landlæknis segir að túlkun ráðuneytisins á heilbrigðislögunum geri það að verkum að einkarekstur og einkavæðing á sviði sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu geti haldið áfram að vaxa hér á landi, meðal annars í krafti þess að sjúklingar greiði aðgerðir dýru verði úr eigin vasa.

Heilbrigðisráðherra hefur nokkuð afdráttarlaust lýst því yfir að ekki standi til að gera samning á milli Klíníkurinnar og Sjúkratrygginga Íslands, sem niðurgreiðir aðgerðir fólks sem þangað leitar.

Afstaða ráðuneytisins um að Klíníkin sé ekki sérhæfð heilbrigðisþjónusta, sem með lögum þyrfti starfsleyfi ráðherra, heldur einungis hefðbundinn stofurekstur lækna gerir það að verkum að Klíníkin starfar áfram og óbreytt með legudeild þar sem gerðar eru stórar aðgerðir á sjúklingum sem borga fyrir þær sjálfir. Sem dæmi má nefna að mjaðmaliðaaðgerð kostar á Klíníkinni tæplega 1,2 milljónir króna.

> Ef þú uppfyllir fagleg skilyrði þá er ekki hægt að hefta starfsemi heilbrigðisfyrirtækis á þann hátt sem landlæknir ýjar að.
>
> Hjálmar Þorsteinsson

Framkvæmdastjóri Klíníkurinnar, Hjálmar Þorsteinsson, segir það pólitíska ákvörðun ráðherrans að sjúklingar búi við það kerfi. Hann skilur bréf landlæknis ekki öðru vísi en svo að embættið vilji takmarka rekstrarleyfi Klíníkurinnar, þannig að henni væri óheimilt að gera þær aðgerðir sem þar eru gerðar í dag.

„En við erum á Evrópska efnahagssvæðinu. Ef þú uppfyllir fagleg skilyrði þá er ekki hægt að hefta starfsemi heilbrigðisfyrirtækis á þann hátt sem landlæknir ýjar að.“ - snæ

## Kerfið verndi sjávarbyggðir

**SJÁVARÚTVEGUR** „Ég hef verið þeirrar skoðunar lengi að það standi upp á stjórnvöld að svara þeirri spurningu hvort, og með hvaða hætti, þau ætli að tryggja þá byggðafestu sem gert er ráð fyrir í lögunum,“ segir Páll Magnússon, formaður atvinnuveganefndar Alþingis. Hann vill breyta fiskveiðistjórnunarlögum til að tryggja byggðavernd.

„Mál HB Granda gerir það enn meira knýjandi að þessari spurningu sé svarað,“ segir Páll.

„Við í Framsóknarflokknum höfum verið fylgjandi því að það verði leitað leiða til að styrkja forkaupsrétt sveitarfélaga. Við teljum eðlilegt að þetta verði skoðað,“ segir Gunnar Bragi Sveinsson, fyrrverandi sjávarútvegsráðherra. – jóe / sjá síðu 4



Páll Magnússon þingmaður

## Skellt í lás í dag

**UMHVERFISMÁL** United Silicon mun í dag ákveða hvort lögð verða fram andmæli við ákvörðun Umhverfisstofnunar um að loka kísilveri United Silicon í Helguvík. Þetta staðfesti United Silicon við fréttastofu í gær.

Tilkynnt var á miðvikudaginn um stöðvun á starfsemi verksmiðjunnar um óákveðinn tíma frá og með deginum í dag. Það er að segja ef Umhverfisstofnun fær ekki andmæli frá United Silicon sem metin eru gild. – shá / sjá síðu 6

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Silja Dögg Gunnarsdóttir óttast að skattkerfisbreytingar auki svarta starfsemi í ferðaþjónustu. 12

**SPORT** Grindvíkingar ætla að gera betur gegn KR-ingum. 16

**LÍFIÐ** Þriggja manna teymi reynir að setja heimsmet á hlaupahjóli. 30

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



## Veður




Í dag verður hæglætisveður á landinu. Skýjað með köflum og dálítil él á stöku stað. Allhvasst austanlands framan af degi, en síðdegis lægir. Hiti 0 til 5 stig.

SJÁ SÍÐU 22

# Sumarstuð á köldum degi



Kátir krakkar í Árbæ leituðu skjóls undan hríðinni í hoppukastalanum er hverfisbúar fögnuðu sumarkomunni í gær. Þótt gengið hafi á með éljum var gengið fylktu liði víða um land undir lúðrablæstri og blaktandi fánum. Veðurstofan spáir rólyndisveðri en köldu næstu daga FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Baráttan komin á fullan skrið

**BRETLAND** Jeremy Corbyn, formaður Verkamannaflokksins á Bretlandi, heitir því að hann muni taka í gegn ósanngjarnt kerfi og færa valdið og auðinn aftur til fólksins verði hann forsætisráðherra landsins.

Kosningabaráttan er komin á fullan skrið eftir að breska þingið samþykkti að efna til kosninga í júní.

Verkamannaflokkurinn mælist með um 25 prósenta fylgi. Það yrði versta kosning flokksins í 99 ár.

Þá sagði Corbyn flokkinn ekki mundu beita sér fyrir annarri þjóðaratkvæðagreiðslu um útgöngu úr Evrópusambandinu. Slíkt var samþykkt gegn vilja flokksins.

John McDonnell, fjármálaráðherraefni flokksins, neitaði hins vegar að útiloka aðra atkvæðagreiðslu. – **þea**



**Listamaðurinn fór á kostum á sviði Eldborgar.** FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Hlegið að Gervais í Hörpu

**MENNING** Breski grínistinn Ricky Gervais vakti gríðarmikla hrifningu áhorfenda í troðfullum Eldborgarsal Hörpunnar í gærkvöldi.

Gerði Gervais að venju óspart grín að öllu kviku og hóf kvöldið á að líka sér við Jesú Krist. Forsetahjónin Guðni Th. Jóhannesson og Eliza Reid sátu á fremsta bekk.

Miðar á sýningu Gervais voru rifnir út á augabragði um leið og þeir fóru í sölu og var bætt við aukasýningu í kvöld. Á hana varð sömuleiðis uppselt eins og hendi væri veifað. – **gar**




# Sá ekkert annað en vopnaða lögreglumenn

**Árásarmaður myrti lögregluþjón í París í gær. Hryðjuverkadeild lögreglu rannsakar málið. Árásarmaðurinn var felldur á vettvangi. Íslendingur á svæðinu segir lögregluþjóna allt sem hann hafi séð. ISIS lýsir yfir ábyrð á árásinni.**

**FRAKKLAND** Einn lögreglumaður féll og tveir særðust þegar ráðist var á þá á Champs-Elysees í París í Frakklandi, í gær. Reuters greinir frá því, og hefur eftir vitni, að árásarmaður hafi stigið út úr bíl og skotið úr hríðskotabyssu. Að sögn lögreglu var árásarmaðurinn felldur er hann reyndi að flýja vettvang. Þá leitaði lögregla annars grunaðs í gærkvöld. Hryðjuverkasamtökin sem kenna sig við íslamskt ríki lýsa yfir ábyrgð. á árásinni

„Allt sem ég sá voru vopnaðir lögreglumenn og lögreglubílar, og sérstaklega þyrlur. Allt sem ég heyrði voru sírenur," segir Hlér Kristjánsson nemi sem var á svæðinu í gær.

Hann hafði verið í röð til að kaupa miða upp á Sigurbogann. „Svo komu um það bil fimm starfsmenn og töluðu saman ákaflega á frönsku, og ég heyrði orðið „police" mikið og svo fullt af sírenum," segir Hlér.

Þegar Hlér spurði starfsmennina hvað væri að ske sögðu þeir að ekkert væri að. Síðan var honum leyft að fara upp. „Þegar ég loksins kom upp, og rétt missti af sólsetrinu vegna tafarinnar, náði ég rétt að taka eina mynd og svo var öllum sagt að við þyrftum að fara niður á næstu hæð fyrir neðan."

Þar beið Hlér og var mikill ruglingur með hvort hann fengi að fara upp aftur eða fara niður á jörðina. „Lögreglan virtist hafa sagt okkur að bíða en seinna sagt öryggismönnunum að segja okkur að koma okkur niður en sumir trúðu ekki öryggismönnunum og fóru að rífast," segir Hlér og bætir því við að að lokum hafi allir farið niður.



**Fjöldi lögreglumanna var við Sigurbogann.** NORDICPHOTOS/AFP

> Allt sem ég sá voru vopnaðir lögreglumenn og lögreglubílar, og sérstaklega þyrlur. Allt sem ég heyrði voru sírenur.
>
> Hlér Kristjánsson nemi



„Þegar ég kom út spurði ég lögreglumann með einstaklega stóra byssu hvað væri í gangi, en hann sagðist ekkert vita. [...] En lögreglan sá um þetta mjög vel og voru allir mjög vingjarnlegir."

Talsmaður franska innanríkisráðuneytisins sagði í yfirlýsingu að of snemmt væri að segja til um hvað lægi að baki árásinni. Þó væri ljóst að vísvitandi hefði verið ráðist á lögreglumenn. Skrifstofa ríkissaksóknara sagði jafnframt að hryðjuverkadeild lögreglu rannsakaði málið. **thorgnyr@frettabladid.is**




## HANN HORFIR, SKYNJAR OG BREGST VIÐ

EyeSight Driver Assist Technology

**EyeSight** öryggiskerfi Subaru er það fullkomnasta sem völ er á.
Kerfið aðstoðar ökumenn við að koma í veg fyrir árekstur.

EyeSight öryggiskerfið tengir saman tvær myndavélar sem staðsettar eru innan við framrúðuna. Myndavélarnar senda litmyndir í þrívídd til tölvu sem kennt hefur verið að bera kennsl á lögun hluta, greina hraða og fjarlægðir með næstum sömu nákvæmni og mannsaugað býr yfir. EyeSight kerfið gerir einnig greinarmun á gangandi vegfarendum, reiðhjólum, mótorhjólum og bílum auk þess að skynja hemlaljós svo eitthvað sé nefnt.

SUBARU
*Confidence in Motion*

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

# Ringulreið ríkti við innritun á leið heim frá Miami í kjölfar óhapps

**SAMGÖNGUR** Ringulreið einkenndi andrúmsloftið við innritunarborð WOW Air í Miami í gær. Farþegar á leið til Keflavíkur lýsa upplifun sinni þannig að engu hafi verið líkara en að miðar hafi verið afhentir farþegum af handahófi.

Fresta þurfti flugi WOW Air frá Keflavík til Miami á mánudag vegna óhapps í hvassviðrinu á annan í páskum. Heimför fólks á þriðjudag seinkaði því einnig og brá félagið á það ráð að leigja breiðþotu til að flytja farþega beggja daga til Keflavíkur.

Svana Friðriksdóttir, upplýsingafulltrúi WOW, sagði hina leigðu þotu taka taka 530 farþega og unnið væri hörðum höndum að því að koma þeim heim sem áttu miða með þriðjudagsvélinni. Þeir komust allir með að lokum en tuttugu, sem áttu miða með vél dagsins í gær, þurftu að fara heim eftir öðrum leiðum.

Meðal þeirra sem áttu bókað flug var karlalið Vals í knattspyrnu en Arnar Sveinn Geirsson, leikmaður liðsins, segir að farþegar hafi fengið þau skilaboð að vélin væri yfirbókuð. Rúmlega hundrað manns kæmust ekki með heim.

Upphaflegur brottfarartími var áætlaður klukkan hálfníu í gærkvöld en vélinni seinkaði sökum þessa. Hún var ekki farin í loftið þegar Fréttablaðið fór í prentun. **– ktd**



**Hvassviðri mánudagsins raskaði áætlunum WOW air.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Frá mótmælunum í Caracas á miðvikudaginn.** NORDICPHOTOS/AFP

## Vilja meiri mótmæli

**VENESÚELA** Leiðtogar stjórnarandstöðunnar í Venesúela hvöttu í gær til áframhaldandi mótmæla. Á miðvikudag mótmæltu þúsundir á götum höfuðborgarinnar Caracas. Kölluðu aðgerðasinnar mótmælin „móður allra mótmæla“.

Ríkisstjórn forsetans Nicolas Maduro hefur verið harðlega mótmælt undanfarið. Hafa mótmælin oft og tíðum orðið ofbeldisfull og létu þrír lífið í vikunni. Samanlagt hafa níu látið lífið frá því í lok mars.

Kveikjan að nýjustu mótmælunum var ákvörðun hæstaréttar um að rjúfa þing, en þar fór stjórnarandstaðan með meirihluta. Ákvörðuninni var þó snúið við nokkru síðar. Ekki bætti úr skák þegar stjórnarandstöðuleiðtoganum Henrique Capriles var meinuð þátttaka í stjórnmálum næstu fimmtán árin. Tilkynnt var um þá ákvörðun þann 7. apríl.

Gífurleg efnahagsvandræði hrjá Venesúela. Matur og lyf eru af skornum skammti, verðbólga mikil og atvinnuleysi um 25 prósent. **– þea**

### LEIÐRÉTTING

*Vegna fréttar 15. apríl um skaðsemi hjólreiðamanna í umferðinni skal leiðrétt að í 91 slysi þar sem rekja má orsök til hegðunar hjólreiðamanna slasaðist enginn ökumaður bifreiðar. Þeir sem slösuðust voru 90 ökumenn reiðhjóla. Misskilningi olli að reiðhjól er skilgreint sem ökutæki í umferðarlögum.*

# Fiskveiðilöggjöf verndi byggðir

**Formaður atvinnuveganefndar vill breyta fiskveiðistjórnunarlögum til að tryggja byggðavernd. Lagatexti sé ekki í samræmi við anda laganna. Fyrrverandi sjávarútvegsráðherra vill styrkja forkaupsrétt sveitarfélaga.**

**ALÞINGI** Kallað er eftir því af þingmönnum að skerpt verði á ákvæðum fiskveiðistjórnunarlaga um byggðavernd. Núverandi ákvæði tryggi ekki þá byggðafestu sem gert var ráð fyrir í upphafi.

„Ég hef verið þeirrar skoðunar lengi að það standi upp á stjórnvöld að svara þeirri spurningu hvort, og með hvaða hætti, þau ætli að tryggja þá byggðafestu sem gert er ráð fyrir í lögunum,“ segir Páll Magnússon, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður atvinnuveganefndar.

Páll vísar meðal annars til hæstaréttardóms frá júní 2015 í máli Síldarvinnslunnar gegn Vestmannaeyjabæ. Þar var komist að þeirri niðurstöðu að forkaupsréttur sveitarfélaga næði aðeins til fiskiskipa sem stæði til að selja úr bæjarfélaginu en ekki til hlutabréfa eiganda fiskiskips.

Í kjölfar ákvörðunar HB Granda að færa landvinnslu á botnfiski frá Akranesi til Reykjavíkur hefur umræða um forkaupsrétt sveitarfélaga og byggðavernd losnað úr læðingi á ný.

„Mál HB Granda gerir það enn meira knýjandi að þessari spurningu sé svarað,“ segir Páll. Hann bendir á að í fiskveiðistjórnunarlögunum sé kveðið á um byggðafestuna auk þess að hana megi lesa úr anda laganna. Nauðsynlegt sé að breyta lögunum.

„Það þarf að vera eitthvert akkeri sem gerir það að verkum að aflaheimildir fljóti ekki viðstöðulaust úr byggðarlögum. Það er ekkert í núverandi lagaumgjörð sem hindrar að allrar aflaheimildirnar séu færðar á einn stað, þess vegna til Reykjavíkur.“

„Við í Framsóknarflokknum höfum verið fylgjandi því að það verði leitað leiða til að styrkja forkaupsrétt sveitarfélaga. Við teljum eðlilegt að þetta verði skoðað,“ segir Gunnar Bragi Sveinsson, fyrrverandi sjávarútvegsráðherra.

„Þá má líka velta því fyrir sér hvort það megi lækka kvótaþakið þannig að það séu fleiri um kvótann. Þetta er samt alltaf flókið mál. Það má heldur ekki fara í aðgerðir sem draga úr þróun og nýsköpun í sjávarútvegi. Það má velta öllu upp en ég er á móti því að það verði gerðar stórar breytingar á kerfinu sem gera það að verkum að það verði ekki eins skilvirkt og það er í dag,“ segir Gunnar Bragi.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sagði við Fréttablaðið í gær að unnið væri að skipun nefndar um fyrirkomulag gjaldtöku af auðlindinni. Nefndin verður skipuð fulltrúum allra þingflokka og er stefnt að því að hún skili tillögum á næsta þingi.

**johannoli@frettabladid.is**



**Ákvörðun um að færa botnfiskvinnslu frá Akranesi hefur vakið umræður um fiskveiðilöggjöfina.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Það er ekkert í núverandi lagaumgjörð sem hindrar að allrar aflaheimildirnar séu færðar á einn stað, þess vegna til Reykjavíkur.**
>
> Páll Magnússon



# Íhuga að flytja fyrir pláss í leikskólum

**AKUREYRI** Foreldrar barna á Akureyri sem fædd eru árið 2016 íhuga margir að flytja í nágrannabyggðir til að fá pláss í leikskóla fyrir börn sín. Aðeins örfá börn komast í leikskóla næsta haust á Akureyri. Oddvitar minnihlutaflokka í bæjarstjórn segjast undrast andvaraleysi meirihlutans.

„Þetta er grafalvarleg staða sem komin er upp. Kerfið er einfaldlega ekki að virka og metnaður virðist ekki vera fyrir hendi til að breyta kerfinu,“ segir Sóley Björk Stefánsdóttir, oddviti VG í bæjarstjórn. „Bak við tölurnar eru fjölskyldur sem munu eiga í fjárhagslegum erfiðleikum næsta vetur. Þessu verður líklega ekki breytt fyrr en fleiri konur komast í oddvitastöður í bæjarstjórninni hér á Akureyri.“

Akureyri hefur frá 2008 haft þá stefnu að bjóða börnum inngöngu í leikskóla við átján mánaða aldur. Einsýnt er að sum börn komist ekki inn fyrr en langt komin á þriðja aldursár.

Gunnar Gíslason, oddviti Sjálfstæðisflokks og fyrrverandi fræðslustjóri Akureyrar, segir málið alvarlegt. „Ég hef óskað eftir því að fá gögn um stöðuna. Það er á hreinu að það verður að bregðast við þessu og sjá hvaða leiðir eru mögulegar.“

Samkvæmt heimildum fréttastofu eru foreldrar farnir að hugsa sér til hreyfings úr sveitarfélaginu. Hugrún Sigmundsdóttir, leikskólastjóri í Eyjafjarðarsveit sunnan Akureyrar, staðfestir við Fréttablaðið að hún hefði fengið símtöl frá áhyggjufullum foreldrum á Akureyri sem hafa spurst fyrir um leikskólapláss.

Dagbjört Pálsdóttir, formaður fræðsluráðs, segir lítið hægt að gera í málinu en ný skólastefna sé í burðarliðnum. Ekki sé hægt að tryggja átján mánaða börnum inngöngu í leikskóla á þessu hausti. „Þetta er stór árgangur sem er núna og við vissum það fyrir. Strax á næsta ári verður ástandið betra. Það er voðalega lítið sem við getum gert akkúrat núna meira en við erum að gera.“ **– sa**



**Foreldrar á Akureyri eru hræddir um mikið tekjutap næsta haust þar sem börn þeirra komast ekki inn á leikskóla.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


Ferskur andardráttur með Flux Fresh

**Flux Fresh,** munnskol og munnsogstöflur gefa þér ferskan andardrátt og vinna gegn andremmu

Fæst í apótekum




FLUX®

Nánari upplýsingar á www.fluxfluor.is


EINSTAKT TÆKIFÆRI
TIL AÐ EIGNAST
NÝJA ŠKODA OCTAVIU!
ŠKODA
Sýningarbílar á frábærum kjörum
ŠKODA Octavia er einn af söluhæstu bílum á Íslandi enda ótal kostum búinn.
Gott rými og hagkvæmni í rekstri gera ŠKODA Octavia að einum besta fjölskyldubílnum á markaðnum.
Nú bjóðum við nokkra sýningarbíla á frábærum kjörum eða með veglegum aukahlutapakka.
Tilboðið gildir á meðan birgir endast.
Komdu við í Skoda salnum við Laugaveg 174 og sölumenn taka vel á móti þér í samningsstuði!
Verð frá aðeins:
3.350.000 kr.
5 ára ábyrgð
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ
www.skoda.is

# Skólahald leggst af á Borðeyri næsta haust

**HÚNAÞING VESTRA** Skólahaldi verður ekki framhaldið á Borðeyri við Hrútafjörð á næsta skólaári. Börnum hefur fækkað svo mjög í gamla Bæjarhreppi að ekki er talið hægt að halda úti skólastarfi á Borðeyri.

Þrettán íbúar eru með lögheimili á Borðeyri í dag en öllu fleiri í sveitunum í kring. Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri Húnaþings vestra, segir bæjarfélagið hafa hringt í foreldra á svæðinu og hlustað á íbúa.

Kristín Ólöf Þórarinsdóttir, aðstoðarskólastjóri grunnskóla Húnaþings vestra, segir börnum hafa fækkað mjög. „Þegar ég sótti þennan skóla á síðustu öld voru um þrjátíu börn í skólanum. Nú er hins vegar gert ráð fyrir að þrjú börn verði í skólanum á næsta skólaári,“ segir Kristín Ólöf.

Á sama tíma mun leikskólinn á Borðeyri, Ásgarður, leggjast af á næsta skólaári. Ein starfsstöð leikskóla og grunnskóla verður því starfandi á næsta skólaári, á Hvammstanga. Verður börnum ekið þangað.

„Eindreginn vilji byggðarráðs og sveitarstjórnar hefur verið til þess að halda úti skólastarfi á Borðeyri eins lengi og þess er nokkur kostur,“ segir í bókun byggðarráðs sveitarfélagsins. „Með fækkun nemenda er hins vegar komin upp breytt staða ef horft er til meðal annars félagslegra og faglegra sjónarmiða.“ – sa




**Öllum börnum í Hrútafirði verður ekið í skóla til Hvammstanga næsta haust.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Leit hætt að Joseph Kony

**ÚGANDA** Leit að uppreisnarleiðtoganum og stríðsherranum Joseph Kony hefur verið hætt. Úganski herinn greindi frá þessu en Kony hafði verið leitað í Mið-Afríkulýðveldinu undanfarin ár.

Kony er leiðtogi hins svokallaða Frelsishers drottins. Er hann alræmdur fyrir að aflima fórnarlömb og hneppa börn í þrældóm. Hafa börnin verið notuð sem hermenn og beitt kynferðislegu ofbeldi. Fyrst í Úganda og síðar í Mið-Afríkulýðveldinu. Hefur hann verið eftirlýstur frá árinu 2005, sakaður um stríðsglæpi.

Ástæðan fyrir því að leit er hætt er sögð sú að her hans sé orðinn veikburða og hafi engin völd lengur.

Bandarískir aðgerðasinnar reyndu að gæða leitina lífi árið 2012 með myndbandi sem bar titilinn Kony2012. Vakti sú herferð mikla athygli og sama ár hófu úganski herinn, bandarískir sérsveitarmenn og hermenn Afríkusambandsins leit í Mið-Afríkulýðveldinu. – þea



**Joseph Kony.** NORDICPHOTOS/AFP

# Umhverfisstofnun þraut þolinmæðina

**Þegar staðhæfingar United Silicon um að búið væri að leysa vissa tæknilega erfiðleika reyndust innistæðulausar greip Umhverfisstofnun til aðgerða. Mengunartoppar eru raktir til þess þegar ofn verksmiðjunnar bilar og er stöðvaður hvað eftir annað.**

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Mengunartoppar frá verksmiðju United Silicon í Helguvík eru raktir til þess að ekki tekst að halda ofni verksmiðjunnar gangandi af einhverjum ástæðum. Umhverfisstofnun (UST) virðist hafa gefið fyrirtækinu vissar tilslakanir byggðar á upplýsingum um að fyrirtækinu hafi tekist að fækka ofnstoppum, en fyrir páska þraut stofnunina þolinmæðina þar sem ekkert benti til að það væri rétt.

Þetta kemur fram í bréfi UST til fyrirtækisins 12. apríl sem er frá hendi Kristínar Lindu Árnadóttur forstjóra og Sigrúnar Ágústsdóttur sviðsstjóra. Þar segir: „Að teknu tilliti til nýjustu upplýsinga er að mati stofnunarinnar vart hægt að fullyrða að ofnstoppum sé að fækka. Ábendingum um óþægindi hefur enn fjölgað og koma nú inn í verulegum mæli á skömmum tíma,“ segir í bréfinu þar sem vísað er til mikillar mengunar frá verksmiðjunni á nokkurra daga tímabili sem fjöldi íbúa í Reykjanesbæ kvartaði yfir til UST. Þær kvartanir voru rúmlega 80 talsins og bættust við 300 slíkar sem borist hafa UST síðan starfsemi verksmiðjunnar hófst fyrir fjórum mánuðum.

> **Að teknu tilliti til nýjustu upplýsinga er að mati stofnunarinnar vart hægt að fullyrða að ofnstoppum sé að fækka. Ábendingum um óþægindi hefur enn fjölgað og koma nú inn í verulegum mæli á skömmum tíma.**
>
> Bréf Kristínar Lindu Árnadóttur og Sigrúnar Ágústsdóttur til United Silicon





### Næsta ofnstopp

Eins og Fréttablaðið greindi frá á miðvikudag tilkynnti UST United Silicon í bréfinu að ekki yrði komist hjá því að stöðva starfsemi verksmiðju fyrirtækisins í Helguvík – og miðað yrði við næsta ofnstopp sem myndi vara lengur en klukkustund. Forsendur þessara áforma voru að mögulegt væri að frá verksmiðjunni streymdi út í andrúmsloftið fjöldi efna sem gætu haft langtímaáhrif á heilsufar, en meðal þeirra eru ediksýra og maurasýra. Ekkert þeirra efna fellur undir mæliáætlun fyrirtækisins né umhverfisvöktun og því brýnt að greina um hvaða efni getur verið að ræða þannig að hægt sé að meta hættuna með meiri nákvæmni en gert hefur verið.

Og ekki að ástæðulausu þar sem sóttvarnalæknir nefnir fimm efni sérstaklega sem gætu haft þau ertandi áhrif sem íbúar nærri verksmiðjunni lýsa – ediksýra, maurasýra, klórmetan/metýlklóríð, methyl mercaptan og ýmis aldehýð. Öll þessi efni eru mjög ertandi og hættuleg mönnum. Öll hafa þau, eða sambærileg efni, langtímaáhrif á heilsu fólks ef um mikla mengun er að ræða, þótt það sé í tiltölulega stuttan tíma, segir sóttvarnalæknir.

## Hugsanleg mengunarefni frá United Silicon

**Edikssýra** Lyktarmengun, erting í slímhúð (augum og öndunarfærum, þ.m.t. astmalík einkenni) koma fram við tiltölulega lága þéttni sem er ekki talin hættuleg en hættumörk eru ekki vel skilgreind. Meiri þéttni fylgir meiri erting.
**Maurasýra** Lyktarmengun getur komið fram við nokkuð háa þéttni miðað við vinnuverndarmörk, hættumörk ekki vel skilgreind. Erting í slímhúð og hósti þekkt áhrif. Einkenni geta verið verri ef edikssýra og maurasýra blandast.
**Klórmetan/metýlklóríð** Mjög ertandi ef blandast vatni, t.d. í slímhúð augna og loftvega, brotnar niður í saltsýru og metanól. Þegar það hitnar myndast klórgas. Betri skilgreiningar til fyrir bráðahættumörk en fyrir efnin hér að ofan. Hugsanlega hættulegt í styrk sem er undir lyktarmörkum, yfirleitt ekki talið lykta sérlega illa.
**Methyl mercaptan** Mjög vond lykt, líkist soðnu káli, finnst þótt styrkur sé mjög lágur. Mjög ertandi fyrir slímhúð í tiltölulega lágum styrk. Ágætlega skilgreind hættumörk til.
**Ýmis aldehýð** Geta verið ertandi og haft óþægilega lykt.
*heimild: Sóttvarnalæknir (bréf UST til United Silicon 12. apríl 2017)*

### Brunastækja

Ekki kom til lokunar af hálfu UST þar sem stjórn United Silicon tók við boltanum og axlaði þá ábyrgð að hætta framleiðslu við næsta ofnstopp. Þess var ekki langt að bíða eftir að töluverður eldur kom upp í verksmiðjunni með þeim afleiðingum að framleiðslu var sjálfhætt.

Eftir stendur að þrátt fyrir upplýsingar frá United Silicon um umbætur þá virðist mengunin frá verksmiðjunni hafa náð nýjum hæðum fyrir og um páskahátíðina; fólk helst ekki við úti og frá verksmiðjunni stafaði „afgerandi ólykt“.

„Í mörgum ábendingum kemur fram að lyktin sé mun verri en áður, megn brunastækja eða eiturefnalykt eru nefnd. Fram kemur að fólk finni fyrir sams konar einkennum og áður hefur verið lýst; sviða í augum, hálsi, ertingu í lungum, hausverk, ógleði og kláða í andliti. Fram kemur að fólk þurfi að nota astmalyf í auknum mæli. Einnig kemur fram að fólk opni ekki glugga, láti ekki börn sofa úti, hreyfing útivið sé útilokuð o.s.frv.,“ segir í bréfinu.

### Nýr ráðgjafi

Til stóð að fulltrúar ráðgjafarfyrirtækisins Multiconsult tækju út rekstur United Silicon í vikunni. Áætlun gerði reyndar ráð fyrir því að úttektin yrði gerð daginn eftir að verksmiðjan lamaðist vegna eldsins, og tillögur ættu að liggja fyrir degi síðar. Tímasett umbótaáætlun eftir ráðleggingum Multiconsult og MATÍS átti að liggja fyrir í vikulok.




**Ofn verksmiðjunnar verður ekki ræstur að nýju nema að höfðu samráði við Umhverfisstofnun. Ekki liggur fyrir hvenær það verður.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

DISCOVERY SPORT

# ÞÆGILEG STÆRÐ, YFIRBURÐA HÆFILEIKAR

LAND ROVER

ABOVE & BEYOND




Nýr Discovery Sport er rúmgóður jeppi sem til er í 5 og 7 manna útfærslu. Discovery Sport er með nýrri sparneytinni INGENIUM dísilvél og ríkulegan staðalbúnað, upphitaða framrúðu, nýja 9 þrepa sjálfskiptingu og hið annálaða tölvustýrða Land Rover Terrain Response® drifkerfi.

Discovery Sport dísil sjálfskiptur kostar frá 6.190.000 kr.

www.landrover.is

ENNEMM / SÍA / NM80634

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L




**Hinsegin fólk hefur mótmælt nígerískum lögum.** NORDICPHOTOS/AFP

## Handtóku 53 fyrir samkynja hjónabönd

**NÍGERÍA** Saksóknarar í Nígeríu hafa ákært 53 fyrir að skipuleggja að fagna samkynja hjónavígslum. Hin ákærðu neita sök og segja lögfræðingar þeirra að skjólstæðingarnir séu beittir misrétti.

Sambönd samkynja einstaklinga eru ólögleg í Nígeríu og er refsing við þeim allt að fjórtán ára fangelsisdómur.

Hin ákærðu mættu fyrir dómstól í Chediya-Zaria í gær og kváðust saklaus en formlega eru þau ákærð fyrir að brjóta lög um samsæri og að tilheyra ólöglegu samfélagi.

Yunusa Umar, einn verjenda, sagði hin ákærðu vera nema. Þau hafi verið hneppt í ólöglegt gæsluvarðhald í rúman sólarhring.

Bann við samkynja samböndum var lögfest árið 2014. Human Rights Watch greinir frá því að lögregla og almennir borgarar nýti bannið sem afsökun fyrir því að ganga í skrokk á hinsegin fólki og misþyrma því. – þea

# Segjast hættir að treysta Trump

**Misvísandi skilaboð um leið flotadeildar bandaríkjahers að Kóreuskaga valda fjaðrafoki í Suður-Kóreu. Forsetaframbjóðandi segir Kóreumenn ekki geta treyst Trump sem forseta ef hann var í raun að segja ósatt.**

**SUÐUR-KÓREA** Mikil reiði ríkir í Suður-Kóreu í garð Bandaríkjamanna og einkum forsetans, Donalds Trump, eftir misvísandi skilaboð um leið Carl Vinson-flotadeildar bandaríska sjóhersins upp að Norður-Kóreu.

Þann áttunda apríl síðastliðinn var tilkynnt að verið væri að senda flotadeildina upp að Kóreuskaga. Viðbrögðin við tilkynningunni voru góð. Moon Sang-kyun, talsmaður varnarmálaráðuneytis Suður-Kóreu, sagði ákvörðunina merki um að Bandaríkin sýndu alvarlegu og hættulegu ástandi skilning og virðingu. Norður-Kóreumenn brugðust hins vegar illa við og hótuðu Bandaríkjamönnum kjarnorkustríði.

Svo virðist sem um misskilning hafi verið að ræða. Þann 12. apríl sagði Rex Tillerson, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, að varast bæri að lesa of mikið í leið flotadeildarinnar. Ekkert sérstakt verkefni biði hennar við Kóreuskaga. Sama dag sagði Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, þó að verið væri að senda flotadeild upp að Kóreuskaga. Hún væri afar öflug.

Þegar Trump lét þau orð falla var flotadeildin hins vegar alls ekki á leið upp að Kóreuskaga heldur í heræfingar með ástralska sjóhernum. Nú fullyrða talsmenn bandaríska sjóhersins að skipið sé á leið upp að Kóreuskaga en þangað er það enn ekki komið samkvæmt heimildum CNN.



**Flugmóðurskipið Carl Vinson sem er þungamiðja flotadeildarinnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

„Það sem Trump sagði var mjög þýðingarmikið fyrir þjóðaröryggi Suður-Kóreu," sagði Hong Joon-pyo, forsetaframbjóðandi í Suður-Kóreu, í samtali við Wall Street Journal í gær en kosningar fara fram þar í landi í maí.

„Ef Trump var að ljúga mun Suður-Kórea ekki geta treyst neinu sem hann segir það sem eftir lifir forsetatíðar hans," sagði Hong enn fremur.

Fleiri hafa gagnrýnt Trump en Hong. Í viðtali við CNN sagði Yang Moo-jin, hjá Háskólanum í norðurkóreskum fræðum í Seoul, höfuðborg Suður-Kóreu, að Trump og ríkisstjórn hans hafi með þessum misvísandi skilaboðum aukið togstreituna á Kóreuskaga.



**Donald Trump, forseti Bandaríkjanna.** NORDICPHOTOS/AFP

„Hvernig eiga Suður-Kóreumenn að treysta Bandaríkjunum þegar leiðtogi þeirra blekkir og ýkir? Það særir tilfinningar okkar þegar bandamenn okkar gerast sekir um slíkt," sagði Yang.

Þetta er í annað skipti á skömmum tíma sem Trump veldur fjaðrafoki í Suður-Kóreu. Eftir fund sinn með Xi Jinping fyrr í mánuðinum sagði hann í viðtali við Wall Street Journal að Kóreuskagi hafi „reyndar einu sinni tilheyrt Kína".

Í fréttatilkynningu frá suðurkóreska utanríkisráðuneytinu var ummælum hans svarað. „Það er einróma álit alþjóðasamfélagsins að Kórea hafi aldrei í þúsunda ára menningarsögu skagans tilheyrt Kína. Því getur enginn neitað."

thorgnyr@frettabladid.is



# SPARIÐ 25% AF ÖLLUM TRAMPÓLINÚM

Toys R Us

## Sérfræðingar í sumarfríum

**Hoppufrí**
**22.499**

-25%



OUTRA
EXERCISE
396 CM
~~29.999~~

**Hoppufrí**
**44.999**

-25%



OUTRA
STANDARD
366 CM
~~59.999~~

**Hoppufrí**
**74.999**

-25%



OUTRA
PRO
426 CM
~~99.999~~



Tilboðin gilda 21.04-23.04 2017

## FRÁ FÖSTUDEGI TIL SUNNUDAGS

# Veggjakrot til vandræða í stjórnkerfinu

**Veggjakrot er viðvarandi vandamál í Reykjavík. Skemmdarfýsn virðist oft ráða för. Í öðrum tilvikum snýst krotið um merkingar eða listsköpun. Aðgerðir Reykjavíkurborgar, lögreglu, eigenda húsa og fyrirtækja hafa lítil áhrif. Fáir kvarta og kærur eru hverfandi.**

**SAMFÉLAG** Uppgjöf virðist einkenna aðgerðir gegn viðvarandi veggjakroti í Reykjavík. Blaðamaður ræddi við einstakling sem stundaði veggjakrot á unglingsárum og þekkir þá hvöt sem býr að baki krotinu.

„Á þessum tíma var ég í uppreisn og var alveg sama hvað ég var að skemma, vildi sýna að það skipti mig engu máli. Mér leið illa og þetta var mitt fix,“ segir veggjakrotarinn fyrrverandi, sem ekki vill láta nafns síns getið. Hann kveðst hafa leiðst út í neyslu í kjölfarið en feti nú betri braut og telur að fræðsla og forvarnir varðandi veggjakrot geti skilað árangri.

Í miðborginni er veggjakrot áberandi. Cayla Jean, afgreiðslukona við Laugaveg, segir að veggjakrot hafi aukist mikið í Reykjavík. Það hafi versnað til muna undanfarin ár.

„Ég bjó á Íslandi fyrir nokkrum árum. Þegar ég flutti hingað aftur sá ég mikla aukningu. Meira að segja í úthverfum Cleveland í Bandaríkjunum, heimaborg minni, er mun minna veggjakrot. Þar er mikið af ungu fólki sem stundar slíkt en mér finnst undarlegt að vandamálið sé meira á Íslandi,“ segir viðmælandi okkar.

Kaupmaður við Laugaveg, sem starfað hefur þar síðan 1978, segir svipaða sögu. „Þetta er sveiflukennt. Stundum mikið og stundum ekkert í langan tíma. Við eigum málningu og málum yfir veggjakrot jafnóðum. Ef það næst í þá sem krota á að vera hægt að gera eitthvað við því en það virðist ekki vera hægt. Löggan ræður ekkert við þetta.“

**Ég bjó á Íslandi fyrir nokkrum árum. Þegar ég flutti hingað aftur sá ég mikla aukningu.**

Cayla Jean, afgreiðslukona við Laugaveg



**Veggjakrot hefur ekkert með vegglist að gera heldur er verið að skemma eigur fólks, svipað og að rispa bíl.**

Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir, verkefnastjóri miðborgarmála



Þórir Ingvarsson, rannsóknarlögreglumaður í Reykjavík, segir að hlutverk samfélagsins í heild sé að taka á þessum málum. Fólk á ýmsum aldri stundi veggjakrot, ekki bara börn og unglingar. Hann segir að veggjakrot flokkist sem skemmdarverk. Þau séu á könnu lögreglu en flókið geti verið að rannsaka slík mál ef ekki eru til gögn um gerendur.

Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir starfaði á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar og hefur góða þekkingu á þessum málaflokki. Að hennar mati snýst baráttan við veggjakrotið um langtímamarkmið og samvinnu margra aðila. Hún segir ótækt að opinberir aðilar ausi miklu fé í hreinsun veggjakrots sem skili hreinni borg einungis í nokkra mánuði, því veggjakrotið komi fljótlega aftur. Fjármunum skattgreiðenda sé þannig illa varið.

„Viðurlögum við veggjakroti hefur ekki verið beitt síðan 2008, því fólk veigrar sér við því að kæra. Fólk gefst upp. Þeir sem krota eru farnir þegar lögreglan kemur,“ segir Sæunn.

Vandamálið er stærra en fólk gerir sér grein fyrir og hægt er að taka á með góðu móti, að mati Sæunnar. Mikilvægt sé að upplýsa almenning. „Veggjakrot hefur ekkert með vegglist að gera heldur er verið að skemma eigur fólks, svipað og að rispa bíl.“

Jafnvel geti kostað nokkrar milljónir að lagfæra steinklæðningar húsa eftir olíusprey. Ábyrgð söluaðila slíkra brúsa sé sömuleiðis mikil, ekki síður en annarra aðila. Mestu máli skipti að allir taki höndum saman í sátt og beiti aðferðum sem virki, til þess að lágmarka skaðann vegna veggjakrots.

petúrfjeldsted@365.is



Við Laugaveg og Bankastræti má víða finna veggjakrot við hlið útsýnisglugga verslana. FRÉTTABLAÐIÐ/PÉTUR FJELDSTED



Bílastæðahúsið við Hverfisgötu hefur ekki farið varhluta af spreyþörf áhugafólks um listræna tjáningu.



Á Ingólfstorgi blasir þetta krot við ferðamönnum og öðrum sem þangað eiga erindi. Trekkir þó tæplega eitt og sér.



Auglýsingaskilti við Austurstræti, sem sýnir fagra náttúru Íslands, er útkrotað.

Bókauppboð
í Reykjavík

Bókauppboð verður haldið í Safnaðarheimili Grensáskirkju við Háaleitisbraut 66 laugardaginn 22. apríl klukkan 14.00

Uppboðshaldari er Bjarni Harðarson bóksali en regluvörður Ingibjörg Benediktsdóttir fyrrv. hæstaréttardómari. Aðstoðarmaður uppboðshaldara er Valdimar Tómasson ljóðskáld.

**Meðal kjörgripa sem boðnir verða upp má nefna** fyrstu útgáfu Jónasar Hallgrímssonar, Passíusálma Hallgríms á kínversku, elstu útgáfur af Hómerskviðum á íslensku, fyrsta útgáfa Kristjáns fjallaskálds, Wausenhúsbiblían frá 1747, mikið úrval ferðabóka frá 19. öld og fornritaútgáfur frá fyrri öldum. En einnig forvitnileg myndasögublöð frá 20. öld s.s. Ástríkur, Hrói höttur, Tarzan, Hringadróttinssaga.
Áritaðar 20. aldar bækur.

Skrá yfir uppboðsgripi, verðmat þeirra og lágmarksboð er að finna á **netbokabud.is**

netbokabud.is

# FORD FIESTA

# SUMARTILBOÐ!

**-300.000 kr.**
**AF LISTAVERÐI!**




# GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ!

**50%**
**AFSLÁTTUR AF AUKAHLUTUM!**

## Ford Fiesta – sjálfskiptur, 100 hestöfl

Ford Fiesta er sumarlegur og skemmtilegur bíll. Mest seldi bíll í Evrópu fjögur ár í röð. Fyrir því eru góðar ástæður. Ríkulegur staðalbúnaður, loftkæling, Bluetooth samskiptakerfi, fimm stjörnu öryggi, hagstætt verð og lágur rekstrarkostnaður. Fiesta höfðar til þeirra sem vilja eiga fjörugar stundir undir stýri og þeirra sem vilja sparneytinn og öruggan bíl.

**Tilboðið gildir út aprílmánuð og nær til bíla sem til eru á lager og afhendast fyrir mánaðarmótin.**

Ford

**Komdu og tryggðu þér glænýjan sjálfskiptan Ford Fiesta 5 dyra með 300.000 króna afslætti!**

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# Stórir fiskar, lítil tjörn



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Smæð íslenska markaðarins, samhliða því að eignir lífeyrissjóðakerfisins hafa vaxið hröðum skrefum á undanförnum árum, sníður sjóðunum afar þröngan stakk. Eignir þeirra eru yfir 3.500 milljarðar en að langstærstum hluta er um að ræða innlend verðbréf. Í krafti þess eignarhalds eru lífeyrissjóðirnir áhrifamestu leikendurnir á fjármálamarkaði.

Fram kemur í nýrri skýrslu starfshóps fjármálaráðherra að fyrirsjáanlegt sé að eignir sjóðanna haldi áfram að aukast og spár geri ráð fyrir að þær nái hámarki eftir um fjörutíu ár þegar þær gætu orðið um 340 til 400 prósent af landsframleiðslu. Ljóst sé því að ekki verði með góðu móti hægt að ávaxta jafn hátt hlutfall eigna sjóðanna á Íslandi og nú er gert vegna þessa mikla vaxtar. „Það eitt og sér gerir aukna erlenda fjárfestingu óhjákvæmilega," segir í skýrslunni. Starfshópurinn telur þó ekki skynsamlegt að sett verði gólf á fjárfestingar lífeyrissjóða erlendis heldur leggur fremur til að fjárfestingarnar verði jafnar og fyrirsjáanlegar til að lágmarka áhrif á gengisstöðugleika.

Þótt höftum hafi ekki verið aflétt fyrr en í síðasta mánuði þá höfðu lífeyrissjóðirnir haft sérstakar heimildir til erlendrar fjárfestingar frá haustmánuðum 2015. Þær heimildir voru hins vegar ekki fullnýttar en í fyrra fjárfestu sjóðirnir fyrir um 70 milljarða í erlendum eignum. Þrátt fyrir það minnkuðu erlendar eignir þeirra sem hlutfall af heildareignum – þær eru núna rúmlega fimmtungur – sem skýrist einkum af gengisstyrkingu krónunnar. Þessi þróun réð mestu um að aðeins einn af fjórum stærstu sjóðum landsins skilaði jákvæðri raunávöxtun 2016.

Lífeyrissjóðir eru hins vegar langtímafjárfestar og það er brýnt að þeir haldi áfram á sömu braut. Hátt raungengi krónunnar ætti jafnframt að þýða að nú er ákjósanlegur tími fyrir lífeyrissjóði til að horfa út fyrir landsteinana. Hlutfall erlendra eigna þarf að hækka umtalsvert, ekki aðeins vegna þess að það er skynsamlegt út frá áhættudreifingu, heldur einnig til að koma í veg fyrir neikvæðar efnahagslegar afleiðingar þegar lífeyristaka eftirstríðskynslóðarinnar hefst. Iðgjaldagreiðslur til þeirrar kynslóðar munu þá setja þrýsting á greiðslujöfnuð þjóðarbúsins.

Öll rök hníga þessa vegna að því að lífeyrissjóðir leggi á það ríka áherslu að gera sig meira gildandi á erlendum mörkuðum. Það myndi einnig hafa þær jákvæðu afleiðingar að draga úr umsvifum sjóðanna á íslenskum hlutabréfamarkaði. Sökum hafta og lítilla umsvifa einkafjárfesta hefur hlutdeild lífeyrissjóða í skráðum félögum margfaldast síðustu ár en í dag eru þeir eigendur að meira en 40 prósentum alls hlutafjár. Þetta er hvorki eðlileg né æskileg staða. Við þurfum fleiri virka fjárfesta að stjórnum fyrirtækja. Það mun ekki gerast ef lífeyrissjóðirnir ráða för.

**Þetta er hvorki eðlileg né æskileg staða. Við þurfum fleiri virka fjárfesta að stjórnum fyrirtækja.**

## Halldór







## Frá degi til dags

### Óskýr svör

**Illa gengur að fá skýr svör um afstöðu Óttars Proppé heilbrigðisráðherra varðandi málefni Klíníkurinnar. Landlæknir hjólaði svo af hörku í ráðherrann í gær og sagði óskýra afstöðu ráðuneytisins valda því að einkarekin heilbrigðisþjónusta lekur í gegnum göt kerfisins. Óttarr Proppé er hins vegar jafn óíáanlegur og æðsti maður Vatíkansins, eftir að hann varð ráðherra. Fyrirhöfn ráðherrans til að leiðrétta ruglinginn þarf ekki að vera mikil. Hún felst fyrst og fremst í því að svara í símann þegar fjölmiðlar hringja.**

### Sérfræðingarnir

**Fjármálaráðherra, Benedikt Jóhannesson, hyggst halda sig við að lækka virðisaukaskatt þrátt fyrir að sérfræðingahópur á vegum stjórnvalda telji að lækkunin geti ógnað stöðugleika. Ráðið segir að ýmislegt í nýrri Ríkisfjármálaáætlun standist ekki grunngildi laganna sem eru sjálfbærni, stöðugleiki, festa og gagnsæi. Ekki beint góð meðmæli á fyrstu metrum fjármálaráðherra. Allt bendir til þess að Ísland sé á einhvers konar öldutoppi góðærisins. Þegar svipuð staða var uppi fyrir 10 árum var stutt á botninn. Vonandi verður ekki heill kafli í næstu rannsóknarskýrslu Alþingis um ráðherrann sem lét varúðarorð sérfræðinganna sem vind um eyru þjóta.** snaeros@frettabladid.is

# Orðsporið í húfi



Silja Dögg Gunnarsdóttir
þingmaður Framsóknarflokksins

Ferðaþjónustan á Íslandi hefur verið í örum vexti sl. ár. Hún hefur skapað verðmæti fyrir þjóðarbúið og leikið stórt hlutverk í endurreisn efnahagslífsins. Alþjóðleg samkeppni er hörð og því mikilvægt að menn séu samkeppnisfærir hvað varðar verð og gæði. Illa ígrundaðar skattkerfisbreytingar ríkisstjórnarinnar munu skaða þessa mikilvægu atvinnugrein.

Sú hækkun á virðisaukaskatti á ferðaþjónustuna sem nú liggur fyrir í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar mun án efa hafa neikvæð áhrif á framtíðaruppbyggingu ferðaþjónustunnar. Ríkisstjórnin telur að þessar skattabreytingar séu tímabærar en engar greiningar liggja fyrir um hvaða áhrif þær muni hafa á atvinnugreinina. Þolir ferðaþjónustan þessar skattahækkanir á sama tíma og krónan hefur styrkst verulega, laun hækkað og gistináttagjald þrefaldast? Ég tel að sveitegnin sé það takmörkuð að ferðaþjónustuaðilar geti ekki velt skattahækkuninni út í verðlagið. Slík hækkun myndi rýra samkeppnisstöðu okkar.

Reynsla nágrannaþjóða sýnir að breytingar á sköttum og gjöldum hafa ekki aðeins áhrif til skamms tíma heldur geta stjórnað aðsókn og afkomu mörg ár fram í tímann. Það hefur til að mynda tekið danska ferðaþjónustu meira en tuttugu ár að ná aftur upp fjölda gistinátta erlendra ferðamanna sem hrundi eftir hækkun á virðisaukaskatti þar í landi árið 1992.

Samkvæmt ríkisfjármálaáætlun mun virðisaukaskattur aðeins hækka á gistingu, ekki veitingasölu. Sú ákvörðun býður upp á skattaundanskot og alls kyns tilfærslur sem skekkja samkeppnisstöðu fyrirtækja, sérstaklega á milli minni og stærri aðila. Ef hægri stjórnin vill einfaldara og skilvirkara skattkerfi, þá er þetta ekki rétta leiðin.

Ég óttast að fyrirhugaðar skattkerfisbreytingar muni ýta undir svarta atvinnustarfsemi. Ég óttast að þeir aðilar sem kjósa að starfa „svart" í faginu muni ekki hafa sama metnað og leggja jafn mikla áherslu á gæði og þeir sem stunda lögleg viðskipti. Til lengri tíma muni það skaða orðspor og ímynd ferðaþjónustunnar og laskað orðspor er erfitt að endurheimta.

Það er gagnrýnivert að svo hart sé vegið að einni af okkar undirstöðuatvinnugreinum án ítarlegra greininga á langtímaáhrifum.

**Sú hækkun á virðisaukaskatti á ferðaþjónustuna sem nú liggur fyrir í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar mun án efa hafa neikvæð áhrif á framtíðaruppbyggingu ferðaþjónustunnar.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Ekki trufla mig

**Í DAG**



Þórlindur Kjartansson

Móðurafi minn kom gjarnan í heimsókn til okkar um jól og stórhátíðir þegar ég var að alast upp. Það var alltaf mikið tilhlökkunarefni þótt hann hafi aldrei lagt sig sérstaklega fram um að vera með einhver skemmtiatriði. Það þurfti ekki. Það var bara, á einhvern ólýsanlegan en mjög áþreifanlegan hátt, gott að hafa hann nálægt sér.

Eitt af því sem mér fannst aðdáunarverðast við afa var að fylgjast með honum tefla við skáktölvuna inni í stofu, sem hann gerði öðru hverju. Ég hef ekki hugmynd um hversu flinkur hann var að tefla en það sem stendur upp úr var hin óhagganlega einbeiting sem hann hafði á meðan á skákinni stóð. Það var alveg sama hvað maður reyndi, hann sýndi aldrei minnstu merki þess að hann tæki eftir nokkru utanaðkomandi áreiti. Mér var sagt að hann gæti náð svo mikilli einbeitingu að hann hreinlega heyrði ekki það sem var að gerast í kringum hann; og tilraunir mínar til þess að fanga athygli hans báru aldrei minnsta árangur. Fljótlega varð ég því alveg sáttur við þá reglu að reyna aldrei að trufla afa þegar hann var niðursokkinn í sínar eigin hugsanir.

Líklegast er okkur flestum gefinn hæfileikinn til þess að ná djúpri einbeitingu. Maður sér það að minnsta kosti oft á börnum að þau verða svo niðursokkin í leik að þau taka ekki eftir umhverfinu, fyrr en foreldrarnir hlaupa til með brambolti og heimta að fá að taka mynd af því hvað barnið er „duglegt að leika sér“. Þá er líka einbeiting barnsins rofin, leikurinn ónýtur og barnið bullandi ósátt og eirðarlaust á ný.

**Einbeiting liggur undir skemmdum**

Því miður liggur þessi hæfileiki til einbeitingar undir skemmdum hjá okkur flestum þegar við eldumst og líklega aldrei meira en nú. Ótalmargir samverkandi þættir stuðla nánast markvisst að niðurbroti þessa eiginleika, sem þó er okkur svo dýrmætur. Það er ekki nóg með að nánast allir gangi með símtæki á sér alla daga, heldur eru flestir vinnustaðir skipulagðir þannig að fólk situr í opnum rýmum og fyrir framan síblikkandi tölvuskjái og með stöðugan skarkala, ys og læti í kringum sig. Samfélagsmiðlar á borð við Facebook og Snapchat senda látlausar tilkynningar í símann og flest okkar eiga í mesta basli við að standast allar þær stafrænu freistingar sem herja á takmarkaða athyglisgáfu okkar. Og þetta er ekki okkur að kenna því forritin eru beinlínis hönnuð til þess að tortíma einbeitingu okkar með stöðugum truflunum. Þetta er vegna þess að velgengni þessara samfélagsmiðla og smáforrita er ekki mæld út frá því hversu mikla ánægju eða gagn við höfum af notkun þeirra—heldur út frá því hversu löngum tíma við eyðum í að nota þau. Öfugt við gagnlegar uppfinningar sem eru hannaðar til þess að spara tíma, þá eru þessi forrit beinlínis gerð til þess að sóa tíma okkar.

Og það tekst þeim sannarlega, því snjallsímaeigendur stara á skjáina sína að jafnaði þrjár klukkustundir á dag og meðalnotandi Facebook hangir þar inni í um 50 mínútur á hverjum degi. Við þetta er erfitt að ráða. Vísindamenn hafa komist að því að þegar síminn okkar tístir með tilkynningu um eitthvert nýnæmi þá kvíslast um heilann í okkur rafeindir sem kitla sömu sælustöðvar og þegar við finnum til líkamlegs unaðar—eins og þegar við borðum góðan mat, drekkum góð vín—og þegar við njótum osta eða ásta.

**Ekki bara lúxusvandi**

Á síðustu árum og áratugum hafa þessar stöðugu árásir á einbeitingarhæfni fólks gert það að verkum að nú til dags er nánast engin virðing borin fyrir því að vilja ekki láta trufla sig. Nú þykir það í raun sjálfsagt að trufla einhvern sem er niðursokkinn í sínar eigin hugsanir, en argasti dónaskapur að heimta frið og biðja um að vera ekki truflaður. Þetta er mikil öfugþróun, því skortur á kyrrð, þögn og einbeitingu er svo sannarlega ekki lúxusvandamál—heldur raunverulegt vandamál sem getur haft miklar afleiðingar.

Í fyrsta lagi má kalla augljóst að rekja megi ýmis geðræn vandamál til þess að fólk býr í dag við stöðugt áreiti. Faraldur athyglisbrests á Vesturlöndum hlýtur til að mynda að tengjast því að fólk missir hæfileikann til þess að einbeita sér vegna þess að það er alltaf svo stutt í utanaðkomandi eða sjálfskapaða truflun.

Í öðru lagi þá dregur sífellt áreiti úr hamingju. Rannsóknir hafa ítrekað sýnt að fólk er einna hamingjusamast þegar það er djúpt sokkið í verkefni; hvort sem verkefnið sjálft er í eðli sínu skemmtilegt eða leiðinlegt. Allt er hægt að gera leiðinlegt ef maður hefur ekki hugann við það; og það má finna gleði í jafnvel einhæfustu verkefnum ef maður einbeitir sér að þeim.

Í þriðja lagi grefur hinn stöðugi skarkali undan þolinmæði fólks til þess að skilja til botns flókna og erfiða hluti. Þetta bitnar áreiðanlega á opinberri umræðu og gerir hana þunna og yfirborðskennda. Þetta er auðvitað ekki nýtt vandamál—en hefur örugglega náð nýjum hæðum á allra síðustu árum þegar hugsuðir og stjórnmálaleiðtogar neyðast til þess að móta afstöðu sína í flóknum málum þannig að hún passi innan 140 bókstafa hámarks Twitter-færslu.

**Vitrari og hamingjusamari**

Þótt ég efist ekki um að afi minn hafi haft ágætan innbyggðan hæfileika til einbeitingar þá finnst mér ósennilegt að hann hefði átt eins auðvelt með að skrúfa fyrir allt utanaðkomandi áreiti ef hann hefði fæðst árið 1987 en ekki árið 1907. Og ég efast um að nærvera hans hefði verið svo friðsæl og yfirveguð ef hann hefði haft snjallsíma í vasanum og heimtað að fá að setja inn myndir af barnabörnunum á Snapchat um leið og hann keyrði út úr Herjólfi á leiðinni í jólafríið.

Ég er líka sannfærður um að það hefði ekki gert afa minn vitrari eða hamingjusamari að vera sítengdur við samfélagsmiðla og sítruflaður af símtækinu. Og af hverju ætti þá annað að gilda um okkur nútímafólkið?








## Sagnalist leiðtogans og fyndin verkefnastjórnun

MPM, meistaranám í verkefnastjórnun við Háskólann í Reykjavík, heldur námskeið og opinn fyrirlestur með hinum heimsþekkta uppistandara Judy Carter í tilefni tíu ára afmælis námsins.

Judy hefur komið fram í yfir 100 sjónvarpsþáttum, þar á meðal hjá Opruh Winfrey og hefur unnið með Jerry Seinfeld, Jay Leno og Söruh Silverman. Judy er höfundur bókanna The Comedy Bible og Stand Up Comedy. Þetta er einstakt tækifæri til að læra um leiðtogahlutverkið og faglega stjórnun af þessari bráðfyndnu konu.

**Námskeið 1** | Miðvikudaginn 26. apríl kl. 13-17 í Háskólanum í Reykjavík

**Managing Projects with Comedy – Turning Problems into Punchlines**

Námskeiðið er kjörið fyrir þá sem vilja verða betri í að tala opinberlega, eiga í skilvirkari samskiptum, eða einfaldlega verða færari í að halda fólki vakandi á fundum. Þátttakendur þurfa ekki að hafa neina reynslu af því að tala á sviði eða opinberlega.

**Námskeið 2** | Fimmtudaginn 27. apríl kl. 13-17 í Háskólanum í Reykjavík

**Managing with Your Story – Presentation Skills for Leaders**

Námskeiðið fjallar um grunnþætti gríns og hvernig nýta má þessa list í verkefnateymum. Góðir leiðtogar snerta við fólki og skapa þannig djúpstæð tengsl. Lykillinn að því að láta þetta gerast eru frásagnir sem höfða til fólks, vekja hjá því metnað og leiða til umbreytinga.

Námskeiðsgjald fyrir hvort námskeið er 20.000 kr. Núverandi nemendur í MPM og útskrifaðir nemendur fá 50% afslátt af námskeiðsgjöldum.

**Fyrirlestur** | Þriðjudaginn 25. apríl kl. 17-19 í Háskólanum í Reykjavík

**Are You Kidding Me!!! Finding Happiness when You're Fat, Broke, and Surrounded by Idiots**

Fyrirlesturinn verður haldinn í stofu M101 og er öllum opinn á meðan húsrúm leyfir.

Frekari upplýsingar og skráning á **hr.is**.

MPM
MASTER OF PROJECT MANAGEMENT

# SÓFADÖGUM LÝKUR Á SUNNUDAG



## SVEFNSÓFAR FYRIR **ÖLL HERBERGI HEIMILISINS**

Savona-svefnsófi
89.900 kr.
Nú **64.900**
**SPARAÐU 25.000**

**Savona-svefnsófi.** Ljós- eða dökkgrár með legubekk. L225 x D151 cm. Svefnflötur 140 x 197 cm. 89.900 kr. Nú 64.900 kr.

**154.900**
**SPARAÐU 55.000**




**Kingston-sófi.** 2,5 sæta. Grátt áklæði. L198 cm. 209.900 kr. Nú 154.900 kr. Verðflokkur A2. Hægt að panta með öðru áklæði.

*30%*



**Ghost-hægindastóll.** Silfurgrár eða dökkgrár. 129.900 kr. Nú 89.900 kr.

**59.900**
**SPARAÐU 20.000**



**Toluca-svefnsófi.** Dökkgrár. L157 x D85 cm. Svefnflötur 140 x 197 cm. 59.900 kr. Nú 44.900 kr.



**Louie-hægindastóll.** Blátt áklæði, hnotufætur. 119.900 kr. Nú 89.900 kr.

**54.900**
**SPARAÐU 20.000**



**Andorra-sófi.** Tveggja sæta. Dökkgrár. L179 cm. 74.900 kr. Nú 54.900 kr.

**99.900**
**SPARAÐU 40.000**



**Fluente-sófi.** Þriggja sæta, bleikur. L197 cm. 139.900 kr. Nú 99.900 kr.



**Caracas-ruggustóll.** Grátt áklæði, eikarfætur. 49.900 kr. Nú 36.900 kr.

*40%*



**Honest-sófaborð.** Gegnheil olíuborin eik. Svartir fætur úr málmi. 80 cm. 59.900 kr. Nú 34.900 kr.

*30%*



**Dover-sófaborð.** Hvítlakkað MDF, svartir eikarfætur.
68 x 78 cm. 14.900 kr. Nú 9.900 kr.
68 x 68 cm. 9.900 kr. Nú 6.900 kr.

**159.900**
**SPARAÐU 70.000**

*30%*



**Lissabon-hornsófi.** Grátt áklæði og eikarfætur. L257 x D287 cm. 229.900 kr. Nú 159.900 kr.

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

**FACEBOOK**.COM/ILVAISLAND
**INSTAGRAM**.COM/ILVAISLAND
**SNAPCHAT** ILVAISLAND

# 25-40%
## AF ÖLLUM SÓFUM OG HÆGINDASTÓLUM

NATUZZI EDITIONS



**Natuzzi-sófi.** B900 Þriggja sæta með mótorum. Eining 446. Madison svart leður. L230 cm. 749.900 kr. Nú 559.900 kr.

## LEÐUR GERÐIR

**Madison**
Madison má kynna sem Rolls Royce leðursins. Sterkt anilín leður sem þýðir að leðrið er algjörlega ómeðhöndlað og yfirborðið er því náttúrulegt. Þess vegna hefur leðrið ákveðna "gæðastimpla " eins og skordýrabit, för eftir greinar og þyrna og húðfellingar. Þar sem leður andar eru þægindi við leður óviðjafnaleg. Það mun sjá á yfirborði leðursins við notkun. Við mælum með að vernda leðrið gegn sólarljósi og miklum hita.

**Dream**
Dream er slitsterkt semi anilin leður með mjúku yfirborði. Semi anilin þýðir að leðrið er yfirborðsmeðhöndlað og þarfnast lágmarks viðhalds. Fáanlegt í 8 mismunandi litum

**Le Mans**
Le Mans er slitsterkt semianilín leður sem er létt yfirborðshöndlað. Létt meðferð gerir leðrinu kleift að anda og halda sínum náttúrulega eiginleika.
Fæst í 10 mismunandi litum.



**Natuzzi-sófi.** B925 Þriggja sæta. Eining 009. Madison Coffee leður. L241 cm. 439.900 kr. Nú 329.900 kr.



**Natuzzi-hægindastóll.** B930. Eining 003. Madison Coffee leður. 269.900 kr. Nú 199.900 kr.



**Natuzzi B900-hægindastóll.** Coffee. 199.900 kr. Nú 149.900 kr.

# RAÐAÐU SAMAN EFTIR ÞÍNU HÖFÐI
## CUSTOMMADE FLEX, HANNAÐUR AF ÞÉR

25%

1 **VELDU ÚTFÆRSLU** **50 MISMUNANDI SAMSETNINGAR**



2 **VELDU BAKPÚÐA**
4 mismunandi bakpúðar

3 **VELDU ARMANA**
6 mismunandi armar



4 **VELDU ÁKLÆÐI**
112 mismunandi áklæði

**Custommade flex-sófi.** Grár. L 316 x D 220 cm. 394.700 kr. Nú 296.020 kr.

5 **VELDU FÆTUR**
13 mismunandi fætur

VEXTIR 0%

**12 MÁNAÐA VAXTALAUS GREIÐSLUDREIFING**
Þegar verslað er með VISA eða MasterCard. Þegar verslað er fær kaupandi að sjá yfirlit yfir greiðsluáætlun sem sýnir áætlaðar mánaðarlegar greiðslur, ásamt lántökukostnaði og færslugjaldi.

**3 MÁNAÐA VAXTALAUS GREIÐSLUDREIFING MEÐ** Netgíró

FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT

## SPÁ 2017

1. ?
2. ?
3. ?
4. ?
5. ?
6. ?
7. ?
8. ?
9. ?
10. ÍA
11. Grindavík
12. Víkingur Ólafsvík

## Má ekki mikið út af bregða

Íþróttadeild 365 hefur niðurtalningu fyrir nýtt keppnistímabil í Pepsi-deild karla í dag og með árlegri spá sinni um deildina. Spánni verða gerð skil í öllum miðlum okkar – hún birtist fyrst í Fréttablaðinu en verður svo fylgt eftir í ítarlegri útgáfu á Vísi sem og í kvöldfréttum Stöðvar 2.

Íþróttadeild 365 spáir ÍA 10. sæti Pepsi-deildarinnar í sumar. Skagamenn eru að hefja sitt þriðja tímabil í röð í Pepsi-deildinni. Þeir enduðu í 8. sæti í fyrra, einu sæti neðar en árið á undan.



Skagamenn hafa misst sterka leikmenn í vetur. Ármann Smári Björnsson og Iain Williamson lögðu skóna á hilluna, Darren Lough og Jón Vilhelm Ákason eru farnir og Árni Snær Ólafsson sleit krossbönd. Í staðinn fengu Akurnesingar Ingvar Þór Kale í markið og tvo erlenda leikmenn sem verða að vera góðir.

Mikilvægasti leikmaður ÍA er framherjinn Garðar Gunnlaugsson, markakóngur Pepsi-deildarinnar í fyrra. Garðar skoraði helming marka ÍA í fyrra og þarf að eiga annað eins tímabil í ár ef Skagamenn ætla ekki að vera í fallbaráttu.

## Markaðurinn

**KOMNIR**
Aron Ýmir Pétursson (HK)
Guðmundur B. Guðjónsson (Fjölnir)
Ingvar Þór Kale (Valur)
Ragnar Mar Lárusson (Kári)
Rashid Yussuff (Arka Gdynia)
Robert Menzel (Podbeskidzie)
Stefán Ómar Magnússon (Huginn)

**FARNIR**
Arnór Sigurðsson (Norrköping)
Ármann Smári Björnsson (hættur)
Ásgeir Marteinsson (HK)
Darren Lough (South Shields)
Eggert Kári Karlsson (Kári)
Iain Williamson (hættur)
Jón Vilhelm Ákason

## Þjálfarinn

**Gunnlaugur Jónsson**



Gunnlaugur er að hefja sitt fjórða tímabil í röð við stjórnvölinn hjá ÍA. Gunnlaugur er uppalinn Skagamaður og lék lengi með liðinu. Hefur gert frábæra hluti með lið ÍA sem er að mestu byggt upp á heimamönnum.

### Þrír sem stólað er á

- Ingvar Þór Kale
- Robert Menzel
- Garðar Gunnlaugsson

**Besti og versti mögulegi árangur** 1. 2. 3. 4. 5. 6. 7. (8.) 9. 10. (11.) 12.



Við ætlum í 2-0 strákar, gæti Pavel Ermolinskij verið að segja við félaga sína í KR. Þeir fá tækifæri til þess í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Þurfum að finna gleðina aftur

**Jóhann Þór Ólafsson, þjálfari Grindavíkur, segir að hans menn muni selja sig dýrt þegar KR mætir í heimsókn í öðrum leik úrslitaeinvígisins. Hann segir að Grindavík komist ekki mikið neðar en í síðasta leik.**

**KÖRFUBOLTI** Það er heldur betur verk að vinna hjá Grindavík á heimavelli sínum í kvöld er liðið mætir Íslands-, deildar- og bikarmeisturum KR í öðrum leik liðanna í úrslitaeinvígi Domino's-deildar karla.

KR hreinlega valtaði yfir Grindvíkinga með 23 stiga mun, 98-65, í fyrsta leiknum og Grindavík sá í raun aldrei til sólar í leiknum.

Þjálfari Grindvíkinga, Jóhann Þór Ólafsson, var nýkominn af lokaæfingu liðsins fyrir leikinn er Fréttablaðið heyrði í honum í gær.

**Þarf að laga mikið**

„Við vorum að fara yfir það sem hefði betur mátt fara í fyrsta leiknum og það var heill hellingur,“ segir Jóhann Þór en þó svo það hefði þurft að fara yfir margt var þetta engin maraþonæfing.

„Við náðum ekki vörninni okkar í gang í fyrsta leiknum. Hún fór í vaskinn á fyrstu mínútunum og við komum aldrei til baka. Svo voru KR-ingarnir í miklu stuði og þá er erfitt að eiga við þá. Ekkert sem við ætluðum að gera gekk eftir. Snemma í öðrum leikhluta misstum við leikinn og hann var í rauninni búinn í hálfleik.“

Þjálfarinn var ekki ánægður með hversu snemma hans menn gáfust upp í Vesturbænum og þar ætla Grindvíkingar meðal annars að bæta sig.

**Misstum sjónar á því mikilvæga**

„Við höfum rætt okkar á milli að við höfum svolítið misst sjónar á því hvað það var sem kom okkur þangað sem við erum núna. Það var gleði og að njóta þess að fá að taka þátt í þessu. Það eitt og sér er ekki að fara að koma okkur í gegnum þetta KR-lið en er samt mikilvægur hlutur sem þarf að vera í lagi. Við þurfum að finna gleðina aftur. Það er fullt af leikmönnum sem sitja heima og vildu vera í okkar sporum,“ segir þjálfarinn ákveðinn og viðurkennir að það sé kúnst að stilla spennustig leikmanna rétt.

„Ekki spurning. Það er ekkert auðvelt í þessu. Þetta er líka nýtt fyrir mér að vera á þessu stóra sviði. Það er stór munur á því að vera hækja í formi aðstoðarmanns eða vera maðurinn sem ber alla ábyrgðina. Verkefnið er ærið og risastórt og mér finnst það rosalega skemmtilegt.“

Það er alveg sama hvar drepið er niður í fæti eftir fyrsta leikinn. Grindavík getur alls staðar gert betur. Liðið var bara með 29 prósent skotnýtingu, tapaði frákastabaráttunni stórt og svona mætti áfram telja.

**Komumst ekki neðar**

„Ég held að við komumst ekki mikið neðar en þetta og ef allt er eðlilegt þá liggur leiðin bara upp á við núna. Við höfum fulla trú á því að við getum staðið í þessu KR-liði og erum færir í flestan sjó er við setjum saman frammistöðu sem við erum sáttir við,“ segir Jóhann en hann veit vel að verkefnið verður nánast ómögulegt tapist leikurinn í kvöld.

„Þetta er „must win“ eins og þeir segja erlendis. Það er alveg klárt. KR-ingarnir eru komnir ansi langt með þetta ef þeir vinna þennan slag og þetta er því algjör lykilleikur fyrir okkur.“

Jóhann Þór gerir sér grein fyrir því að körfuknattleiksáhugamenn hafa almennt enga trú á hans liði í þessu einvígi og hann reynir að nýta sér það til að hvetja sína menn áfram.

„Við værum ekki að standa í þessu ef við hefðum ekki trú á því sem við erum að gera. Ég skil umræðuna fullkomlega samt og er ekkert svekktur út í hana. Við eigum heimaleik núna og þar höfum við verið í stuði. Vorum reyndar góðir líka í Ásgarði, það verður ekki tekið af okkur. Við treystum á að heimavöllurinn gefi okkur eitthvað.“

**Seljum okkur dýrt**

Blaðamaður vildi ekki pína þjálfarann í að lofa sigri en hverju getur hann lofað stuðningsmönnum Grindavíkur? Hvað munu þeir sjá frá hans liði í leiknum?

„Við komum alveg brjálaðir til leiks og gefum allt sem við eigum. Við viljum slökkva aðeins í umræðunni og því að enginn hafi trú á okkur. Við viljum sýna að við eigum heima á þessum stað. Við ætlum að halda í trúna og selja okkur eins dýrt og mögulegt er.“

Leikurinn hefst klukkan 19.15 og verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. henry@frettabladid.is

## Nýjast

### Olís-deild kvenna

**Fram - Haukar 23-22**
**Fram:** Ragnheiður Júlíusdóttir 6, Elísabet Gunnarsdóttir 4, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 4/3, Guðrún Þóra Hálfdánardóttir 3, Hildur Þorgeirsdóttir 2, Elva Þóra Arnardóttir 2, Marthe Sördal 1, Steinunn Björnsdóttir 1.
**Haukar:** Maria Ines Da Silva 7, Ramune Pekarskyte 6, Guðrún Erla Bjarnadóttir 3/2, Elín Anna Baldursdóttir 3, Ragnheiður Ragnarsdóttir 1, Sigrún Jóhannsdóttir 1, María Karlsdóttir 1.

**Stjarnan - Grótta 33-35**
**Stjarnan:** Helena Rut Örvarsdóttir 15, Brynhildur Kjartansdóttir 6, Rakel Dögg Bragadóttir 4/1, Stefanía Theodórsdóttir 3, Sólveig Lára Kjærnested 2/1, Hanna G. Stefánsdóttir 2/2, Nataly Sæunn Valencia 1.
**Fram:** Sunna María Einarsdóttir 11/4, Lovísa Thompson 7/1, Laufey Ásta Guðmundsdóttir 6/1, Þórey Anna Ásgeirsdóttir 4, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 4/1, Emma Havin Sardardóttir 1, Guðný Hjaltadóttir 1, Unnur Ómarsdóttir 1.

### Domino's-deild kvenna

**Keflavík - Snæfell 67-61**
**Keflavík:** Ariana Moorer 20/15 fráköst, Thelma Dís Ágústsdóttir 11/3 varin skot, Þóranna Kika Hodge-Carr 10, Birna Valgerður Benónýsdóttir 8, Emelía Ósk Gunnarsdóttir 8/4 fráköst, Salbjörg Ragna Sævarsdóttir 6/8 fráköst/5 stoðsendingar, Irena Sól Jónsdóttir 4.
**Snæfell:** Bryndís Guðmundsdóttir 22/8 fráköst, Aaryn Ellenberg 20/8 fráköst/9 stoðsendingar, Berglind Gunnarsdóttir 7/6 fráköst, Sara Diljá Sigurðardóttir 3, Alda Leif Jónsdóttir 3/4 fráköst, Gunnhildur Gunnarsdóttir 2, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 2, Andrea Björt Ólafsdóttir 2.

### Evrópudeild UEFA

**Man. Utd - Anderlecht 2-1**
1-0 Henrikh Mkhitaryan, 1-1 Sofiane Fanni (32.), 2-1 Marcus Rashford (107.).
*Man. Utd vann einvígið 3-2.*

**Genk - Celta Vigo 1-1**
*Celta Vigo vann einvígið 4-3.*

**Schalke - Ajax 3-2**
*Ajax vann einvígið 4-3.*

**Besiktas - Lyon 2-1**
*Lyon fór áfram eftir vítaspyrnukeppni.*

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.30 | Grindavík - KR | Sport |
| 18.35 | Norwich - Brighton | Sport 3 |
| 18.40 | Sevilla - Granada | Sport 4 |
| 19.00 | Valero Texas Open | Golfst. |
| 19.15 | Stjarnan - Breiðablik | Sport 2 |
| 21.00 | Körfuboltakvöld | Sport |
| 23.00 | Chicago - Boston | Sport |

Fólk
Lífsstíll
FÖSTUDAGUR 21. APRÍL 2017



**Helga Hermannsdóttir lýkur námi í kjötiðn í vor. Hún gerði sér lítið fyrir og varð Íslandsmeistari í sínu fagi á Íslandsmóti iðn- og verkgreina fyrir stuttu.**

Lífsstíll ➜8






**Jóhanna Guðrún er glæsileg kona sem ætlar að heilla aðdáendur sína á næstu vikum.** MYND/HELGI ÓMARSSON

# Er stundum misskilin

Jóhanna Guðrún söngkona er að undirbúa tónleikaferð um landið ásamt unnusta sínum, Davíð Sigurgeirssyni gítarleikara. Hún rekur átján ára feril sinn í tali og tónum.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Jóhanna Guðrún Jónsdóttir er 26 ára og því óvenjulegt að hún skuli eiga átján ára feril. Hún var aðeins níu ára þegar hún gaf út sína fyrstu plötu. Barnastjarnan gerði það gott en söngkonan vakti þó enn meiri athygli þegar hún söng lagið Is It True? í Eurovision-keppninni í Moskvu árið 2009. Jóhanna segist vera afar ánægð með úrslitakvöld söngvakeppninnar hér heima að þessu sinni og hlakkar mikið til að sjá Svölu keppa fyrir Íslands hönd. „Lokakvöldið var mjög faglegt og við erum alltaf að færa okkur nær því að geta haldið keppnina hér heima,“ segir hún. „Ég horfi alltaf á Eurovision og geri eitthvað skemmtilegt úr kvöldinu en ég er ekki nörd á þessu sviði,“ bætir hún við. Þegar hún er spurð hvort hana langi aftur, svarar hún því neitandi. „Ég hef verið beðin að taka þátt en hafnaði því. Mér fannst mikið álag í kringum þátttökuna þótt það væri líka mjög skemmtilegt. Hins vegar ætla ég ekkert að þvertaka fyrir að ég fari aftur ef rétta lagið kemur upp í hendurnar á mér, sérstaklega ef það væri lag eftir okkur Davíð. Þá færi ég sem höfundur en ekkert endilega flytjandi,“ segir Jóhanna Guðrún.



Litla fjölskyldan á ferðalagi um heiminn.



Jóhanna Guðrún og Davíð Sigurgeirsson eru kærustupar og nánir samstarfsfélagar.



Jóhanna Guðrún hlakkar til tónleikaferðarinnar.

## Draumur rættist

Og nú skal haldið um landið. Fyrsta tónleikakvöldið verður á Akureyri 4. maí en alls verða sex tónleikar. „Davíð er ótrúlega framtakssamur og hefur skipulagt þessa ferð og valið staði fyrir tónleikana. Ég get alveg viðurkennt að hann er drifkrafturinn í þessu,“ segir Jóhanna. „Þetta er nýtt hjá mér því ég hef ekki farið áður í tónleikaferð með þessu sniði. Ég ætla að taka mín uppáhaldslög og segja sögur í kringum þau. Þetta er orðinn langur tími og margt að segja frá. Vissulega tek ég mín þekktustu lög líka, eins og Is It True? og Mamma þarf að djamma. Síðan alls konar ballöður sem koma úr öllum áttum. Ég verð með lög af fyrstu plötunni minni, Jóhanna 9, en hún seldist mjög vel og fór í platínu,“ segir hún.

„Það verður gaman að rifja upp þessi lög. Þetta var svolítið fyndinn tími að sumu leyti og ákaflega skemmtilegur. Maður var ungur að árum og þetta var gríðarlega mikil vinna og álag fyrir barn. Mér þótti þetta samt alltaf gaman og draumur minn að rætast. Mig dreymdi um að verða söngkona allt frá því ég man eftir mér,“ segir Jóhanna og minnist þess þegar hún var að kynna plöturnar sínar á yngri árum. „Maður þvældist um allt og ég var jafnvel að syngja á bensínstöðvum. Það var mikil lífsreynsla. Plötuútgáfa var allt öðruvísi á þessum tíma og partur af kynningunni var að vera í návígi við aðdáendur.“

## Gæti orðið plata

Jóhanna Guðrún og Davíð vinna náið saman og hafa samið mörg lög. Hún segir að mögulega komi nýtt lag frá þeim áður en langt um líður. „Við viljum gefa þessi lög út á plötu en í dag er ekkert sérstaklega áhugavert að standa í útgáfu. Það eru breyttir tímar í þessum bransa og lögin fara frekar inn á netið,“ segir hún. „Við erum alltaf eitthvað að bauka og nú er kominn möguleiki eins og Karolina Fund sem gæti létt undir með kostnað og þess vegna er aldrei að vita nema úr verði plata,“ segir hún.

## Notaleg kvöldstund

Tónleikagestir þeirra um landið eiga eftir að sjá hversu vel þau setja fram tónlist en Jóhanna segir að þeim finnist einfaldleikinn bestur. „Við viljum að þetta verði notaleg kvöldstund fyrir áhorfendur. Davíð er frábær gítarleikari og við vinnum vel saman í músík. Tónlistin er bæði atvinna okkar og áhugamál. Við ræðum mikið tónlist heima,“ segir Jóhanna en Davíð stjórnar gospelkór Jóns Vídalín og saman stjórna þau barna- og unglingakórum Vídalínskirkju í Garðabæ. Auk þess spilar Davíð með Rokkkórnum ásamt því að sinna alls kyns undirleik.

Jóhanna segir að vel geti verið að hún komi fólki á óvart á tónleikunum. „Ég geri svolítið grín að Davíð,“ segir hún og hlær. „Lagavalið ætti að koma á óvart. Ég er alltaf svolítið misskilin sem tónlistarmaður. Fólk heldur að ég sé alltaf í síðkjól með slöngulokka að syngja Celine Dion. Þetta er ekki alveg þannig,“ segir hún. „Undanfarið hef ég verið að slípa lagalistann en fjölmörg lög koma til greina. Það er erfitt að skera niður.“



Jóhanna nýtur sín vel í móðurhlutverkinu.

> Ég hef ekki farið áður í tónleikaferð með þessu sniði. Ég ætla að taka mín uppáhaldslög og segja sögur í kringum þau.
>
> Jóhanna Guðrún Jónsdóttir

## Í mömmuhlutverkinu

Jóhanna og Davíð eiga eina dóttur, Margrétu Lilju, sem er á öðru ári. Móðirin segir hana vera glaðlegan karakter. „Ég veit ekki hvort hún fetar sömu braut og við foreldrarnir. Það kemur bara í ljós. Hún má gera hvað sem hana langar til í framtíðinni,“ segir Jóhanna og bætir við að móðurhlutverkið sé eitt það skemmtilegasta sem hún hafi fengist við.

Í sumar ætlar Jóhanna Guðrún að leggja kraft í lagasmíð ásamt Davíð. Það er nóg að gera að koma fram á hinum ýmsu stöðum, bæði í einkasamkvæmum og hjá fyrirtækjum. „Þetta er óreglulegt líf en skemmtilegt. Maður veit aldrei hvað kemur næst upp í hendurnar á manni. Við höfum verið heppin að geta unnið við það sem okkur finnst skemmtilegast að gera. Þegar við erum ekki að vinna finnst okkur gott að slappa af heima. Stundum hlustum við á músík en stundum er gott að hafa þögn. Ég hef alltaf verið gömul sál og finnst best að vera í rólegheitum,“ segir Jóhanna Guðrún.




Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson
Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357
Sölumenn: Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433


hjá Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Spilaði körfu milli kennslustunda

Tryggvi Snær Hlinason, leikmaður Þórs á Akureyri í körfubolta, er sveitamaður í húð og hár, alinn upp í Svartárkoti í Bárðardal. Á skömmum tíma hefur hann stimplað sig rækilega inn í körfuboltaheiminn.



Tryggvi Snær er fimur með boltann.




Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Frammistaða Tryggva Snæs Hlinasonar körfuboltakappa á fyrstu alvöru körfuboltaæfingunni með Þór á Akureyri var frekar slök að hans sögn. „Þegar ég horfi til baka núna þá var ég hræðilegur. Það eina sem ég hafði var hæðin og ágætis grunnhreyfigeta,“ segir hann sposkur.

Óhætt er þó að segja að Tryggvi sé fljótur að læra og hafi sannað sig á skömmum tíma en hann leikur með U20, landsliði Íslands tuttugu ára og yngri, og A-landsliðinu.

Tryggvi hóf að æfa körfubolta árið 2014 og segir áhugann á körfubolta hafa kviknaði fyrir alvöru í efstu bekkjum í grunnskóla, þegar krakkarnir spiluðu körfu milli kennslustunda.

Hann hafi alltaf verið orkumikill krakki og tekið þátt í öllum íþróttagreinum sem boðið var upp á í barnaskóla, fótbolta, sundi, frjálsum og körfubolta. „Svo var maður líka alltaf að gera eitthvað í sveitinni, að hjóla, reka kindur eða synda í vatninu,“ segir hann.

Tryggvi er hógvær og segist ennþá vera að læra. Hann eigi sér enga ákveðna fyrirmynd í íþróttinni og gefur lítið fyrir troðslukeppnir. Í A-landsliðinu segist hann umkringdur valinkunnum kempum.

## Ómetanleg reynsla

„Þetta eru menn sem kunna leikinn og kenna hann verulega vel. Það sem ég læri bara af því að horfa á þá er ómetanlegt. Fyrirliðinn Hlynur Bæringsson er einn af þeim reyndustu, ótrúlega duglegur og góður leikmaður. Að spila með honum er heiður. Að spila á móti honum er líka heiður og ekkert smá erfitt. Ég man alltaf eftir einu tilviki, þegar mér var í fyrsta skipti bókstaflega hent í burtu. Ég er nú ekki léttur maður og taldi mig frekar stöðugan þar til Hlynur keyrði að körfunni og ég hreinlega flaug af honum,“ segir Tryggvi. „Ég gæti talið marga upp bæði þjálfara og leikmenn sem hafa áhrif á mig, suma fyrir leikskilning, aðra fyrir andann sem þeir bera með sér eða þau áhrif þeir hafa á liðið. Það er erfitt að nefna einhvern einn, nema Benedikt Rúnar Guðmundsson þjálfara. Hann er búinn að fylgja mér meiri hlutann af leiðinni til þessa.“

> „Ég leyfi mér freistingar, en eins sjaldan og ég get. Kannski, þegar það er rólegt í boltanum, leyfi ég mér smá kex eða pönnukökur hjá ömmu.
>
> Tryggvi Snær Hlinason

## Pönnsur hjá ömmu

Tryggvi mætti níu sinnum í viku á æfingar þegar tímabilið stóð yfir. Þar fyrir utan fór hann einnig í ræktina. Hann segist passa vel upp á mataræðið en láti undan einstaka freistingum.

„Hollt mataræði er auðvitað partur af þessu og skiptir verulegu máli. Ég leyfi mér freistingar, en eins sjaldan og ég get. Kannski, þegar það er rólegt í boltanum, leyfi ég mér smá kex eða pönnukökur hjá ömmu. Ég sleppti alveg páskaegginu. Ég fæ mér hafragraut nokkuð oft í fyrri morgunmat og síðan banana eða epli og Hleðslu í seinni morgunmat. Síðan fæ ég mér oft AB mjólk með banönum og múslí fyrir morgunæfingar. Ef ég á að nefna uppáhaldsmat væri það lambakjöt, helst eldað af mér sjálfum eða einhverjum nánum,“ segir hann og viðurkennir að sveitin togi í hann. „Ég reyni að fara í sveitina eins oft og ég get en það er sorglega sjaldan. Ég á ekki von á að komast mikið í sauðburðinn í vor þar sem ég byrja mjög snemma í landsliðsæfingum með U20.“

## Stefnir út

Tryggvi stundar nám við Verkmenntaskólann á Akureyri. Hefur lokið rafvirkjun og klárar stúdentinn nú í vor. Erlendir háskólar og íþróttafélög hafa sýnt honum áhuga og spurður hvað taki við eftir stúdentinn segist hann ekkert geta gefið upp annað en að planið sé að fara út og spila körfubolta. „Svo fer ég kannski í háskóla eftir eitt ár, í fjarnám, eða eitthvað annað.“


GOSH
COPENHAGEN
Vegan vænar og ekki prófaðar á dýrum
BEAUTIFY
PERFECTIFY &
SCULPT YOUR LOOK FOR A
#BEAUTIFULYOU
MAKE YOUR IMPRESSION
FOUNDATION PLUS+
Þekur + Hylur
Full þekja • Falleg satin áferð • Endingargóður á húð
Þörungar og fljótandi sjávar steinefni gefa húðinni raka og næringu.
SPF15
GOSH
FOUNDATION PLUS+
COVER + CONCEAL
SEAWEED
FOND DE TEINT
COUVRIR + CACHER
AVEC ALGUES
004
SPF15
30 ML 1.0 FL.OZ.US
#GOSHCOPENHAGEN #MAKEYOURIMPRESSION #BEAUTIFULYOU
Join us @goshcopenhagen I www.goshcopenhagen.com

# Helga stendur strákunum hvergi að baki

Helga Hermannsdóttir lýkur námi í kjötiðn í vor þótt allir haldi að hún sé í hárgreiðslunámi. Helga gerði sér lítið fyrir og varð Íslandsmeistari Íslandsmóti iðn- og verkgreina fyrir stuttu.

**Sigríður Inga Sigurðardóttir**
sigriduringa@365.is



Helga ákvað að læra kjötiðn eftir að hafa farið á sláturtíð á Húsavík skömmu eftir grunnskólapróf. „Það halda reyndar allir að ég sé að læra hárgreiðslu en mér fannst kjötiðn spennandi og ákvað því að læra fagið. Það eru margir sem vita ekki hvað starf kjötiðnaðarmannsins felur í sér en ég vona að þessi titill veki áhuga fleiri, ekki síst kvenna, á faginu. Ég lýk námi í kjötiðn í maí en ætla að halda áfram og klára stúdentsprófið frá Verkmenntaskólanum á Akureyri,“ segir Helga, sem er alin upp austur á fjörðum í hópi sex bræðra. Einn þeirra er kjötiðnaðarmaður og Helga segir það einnig hafa hvatt sig til að læra fagið.

Helga er að hluta til alin upp á Brimnesi í Fáskrúðsfirði og segir það hafa komið sér vel í náminu. Þar kynntist hún heimaslátrun og fékk að hjálpa til við að ganga frá kjötinu. Hún býr nú á Akureyri en lýkur síðustu önninni frá Menntaskólanum í Kópavogi. „Eins og stendur er ég í tveimur skólum. Ég mæti í tíma við Verkmenntaskólann á Akureyri fyrri part vikunnar en flýg suður á miðvikudögum til að sækja tíma í MK og flýg svo aftur norður á föstudögum,“ segir Helga sem er önnur tveggja kvenna í náminu.



„Það halda reyndar allir að ég sé að læra hárgreiðslu en mér fannst kjötiðn spennandi og ákvað því að læra fagið.“

## Dreymir um eigið fyrirtæki

Helga er á námssamningi hjá kjötvinnslufyrirtækinu Norðlenska og þar lærir hún allt það verklega sem tengist faginu. Hún hefur áhuga á að mennta sig meira að loknu stúdentsprófi og gæti vel hugsað sér að læra eitthvað sem tengist matvælum eða viðskiptafræði. „Draumurinn er að stofna eigið fyrirtæki sem tengist kjötiðn, til dæmis eitthvað sem líkist beint frá býli,“ segir Helga.

Í keppninni úrbeinaði Helga heilan lambsskrokk og bjó til úr honum margs konar góðgæti, eins og Wellington-steik og beikonvafið lambalæri.

Innt eftir því hvað henni finnst skemmtilegast við fagið segir hún gaman að geta sýnt öðrum að hún standi strákunum hvergi að baki. „Ég get úrbeinað risastóra nautsskrokka og er oft eina konan að vinna með körlum. Þeir bjóða mér oft aðstoð, t.d. við að lyfta skrokkum, en ég get þetta alveg sjálf,“ segir Helga.



Helga undirbjó sig vel fyrir keppnina og bjó til afurðir úr heilum lambsskrokki.

## Lambafillet með döðlum og beikoni

- 3-4 lambafillet með fitu
- döðlur, lífrænt ræktaðar
- beikon
- salt og pipar að smekk
- olía til steikingar

Hitið olíu á pönnu. Steikið fillet á pönnunni svo kjötið lokist. Brúnið fituhliðina vel. Kryddið með salti og pipar. Brúnið og mýkið döðlurnar á annarri pönnu í 2-3 mín. Leggið döðlur ofan á hvert fillet og fléttið saman inn í beikonið. Setjið í eldfast mót og steikið í ofni við 170°C í um 20 mín. Takið úr ofninum og látið hvíla í 10 mín. undir viskustykki.

## Epla- og sinnepssósa

- 4 dl vatn
- 1 grænmetisteningur
- 1 nautateningur
- 2 dl eplamauk
- 1 dl grófkorna sinnep

Blandið öllu hráefni saman í pott og látið suðuna koma upp. Má þykkja með sósujafnara, ef vill.

## Bakaðar sætar kartöflur

- ½ kartafla á mann

Skerið kartöflurnar í tvennt og skerið endana af. Raðið saman í eldfast mót. Penslið kartöflurnar með ólífuolíu og kryddið með salti og pipar. Bakið í forhituðum ofni við 175°C í um 1 klst. Fer eftir stærð kartaflnanna.








**100% LÁN**
HYUNDAI i10 Comfort. Árgerð 2014, ekinn 71 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 gírar. Verð 1.490.000. Rnr.159400.



**100% LÁN**
FORD Focus Station. Árgerð 2004, ekinn 145 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 390þ.kr stgr! Rnr.136102.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

SUZUKI



EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert próf, engin skráning, BARA GAMAN. Vespurnar eru til í fjórum flottum litum. Sama lága verðið 154.900.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

## Bílar til sölu



M.Benz árg 2000, 5gíra, ek. 600.000, 17 skoðun. Með kassa 315, með opnu, lifta. Sími: 8935235. Verð 750.000 + VSK

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**

Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

# Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**SMIÐSKRAFTUR EHF.**

**NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.**
Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagnir og allt almennt viðhald.
**Uppl. í s. 663 3944 Ingi**

**smidskraftur@gmail.com**

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# Heilsa

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# Húsnæði

## Sumarbústaðir



Til sölu 50m2 sumarhús auk 30m2 svefnlofts. Einangrað og óklárað að innan. Verð 10.000.000 s: 8647550

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Til sölu





Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*

HAPPY HOUR
alla föstudaga
16-19

**LEIKIR HELGARINNAR:**
**LAUGARDAGINN 22. APRÍL**
**16:05 Chelsea - Tottenham**

**SUNNUDAGINN 23. APRÍL**
**13:05 Burnley - Man. United**
**15:20 Liverpool - Crystal Palace**




**Hljómsveitin**
**TRAP**
Rúnar Þór, Rúnar Vilbergs, Reynir, Örn og Diddi spila um helgina,
**föstudag 23-02 (opið til 03)**
**og laugardag 00-03**

Gullnáman

**Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn**


# Keypt & Selt

## Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Atvinna

## Atvinna í boði

**ÞRIF OG AÐSTOÐ Í BAKARÍ**
Röskur, stundvís og heilsuhraustur starfskraftur óskast til vinnu við þrif og aðstoð í bakarii í Kópavogi. Vinnutími alla virka daga frá kl. 9-17 Þarf að hafa bílpróf. Framtíðarstarf/sumarstarf
**Áhugasamir sendi umsókn og/ eða ferilskrá á: kokuhornid@kokuhornid.is**

## Tilkynningar

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

# Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

## Kennaraháskóli Íslands, reitur 1.254

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 5. apríl 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 6. apríl. 2017 var samþykkt að endurauglýsa framlagða tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.254, Kennaraháskóli Íslands samhliða auglýsingu á breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Í deiliskipulagsbreytingunni felst uppbygging á hluta núverandi lóðar Kennaraháskóla Íslands fyrir byggingu 60 íbúða fyrir eldri borgara og allt að 100 íbúðir fyrir námsmenn. Auk þess verða skilgreindar upp á nýtt byggingarheimildir fyrir lóð Kennaraháskóla Íslands. Deiliskipulagsbreytingin er auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi varðandi „heimildir um fjölgun íbúða“ sem birtist einnig 10. apríl sl. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna. Ranglega var sagt í auglýsingunni þann 10. apríl, að um nýtt deiliskipulag sé að ræða en hið rétta er að um sé ræða breytingu á deiliskipulagi. Rétt var vísað í málsmeðferð, en hún fer samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillöguna er einnig hægt að fara yfir á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **10. apríl 2017 til og með 22. maí 2017.** Einnig má sjá tillöguna á vefsíðunni, ***www.reykjavik.is***, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 22. maí 2017. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 21. apríl 2017
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

# Tilkynningar

## Einkamál

**SÍMADÖMUR 908 1666**
Við erum mjög heitar, langar til að heyra í þér. 100% trúnaður.

## Húsnæði óskast

# Ártúnsholt / Árbær

Hjón með þrjú börn óska eftir **einbýli/raðhúsi/hæð á svæði 110,** Ártúnsholt / Árbær.
Aðeins langtímaleiga kemur til greina.
Reglusemi og skilvísar greiðslur.

Allar nánari upplýsingar sendist á:
**sendtohelgi@gmail.com**



UPPSELT Í STÚKU Á BÁÐUM TÓNLEIKUM!
FJÖLSKYLDUTÓNLEIKAR KL. 15
KVÖLDTÓNLEIKAR KL. 20
ORKUSALAN OG PEPSI MAX KYNNA MEÐ STOLTI
PÁLL ÓSKAR
Í HÖLLINNI
16. SEPTEMBER
MIÐASALA Á TIX.IS/PALLI
LISTRÆNIR STJÓRNENDUR PÁLL ÓSKAR & STELLA RÓSENKRANZ DANSHÖFUNDUR STELLA RÓSENKRANZ HLJÓÐMYND BJARKI HALLBERGSSON & JAKOB REYNIR JAKOBSSON HLJÓÐHÖNNUN FINNUR RAGNARSSON & ÞRÖSTUR ALBERTSSON BÚNINGAERÐ- OG HÖNNUN COCO VIKTORSSON
SVIÐS- OG LEIKMYNDARHÖNNUÐUR ERLING ÞORGRÍMSSON MYNDBANDAHÖNNUN INGI BEKK LJÓSAHÖNNUN K. FREYR VILHJÁLMSSON GRAFÍK VILLI WARÉN & ÓLÖF ERLA MYNDBANDAGERÐ JONATHAN DUFFY FRAMLEIÐSLUSTJÓRI HRANNAR HAFSTEINSSON TÓNLEIKAHALDARI ÍSLEIFUR B. ÞÓRHALLSSON
HLJÓMSVEITIN TROMMUR OG HLJÓMSVEITARSTJÓRN HRAFNKELL ÖRN GUÐJÓNSSON GÍTAR GUÐMUNDUR PÉTURSSON HLJÓÐGERVILL STYRMIR HAUKSSON HLJÓMBORÐ TÓMAS JÓNSSON BASSI VIGNIR RAFN HILMARSSON GÍTAR ÁSGEIR ÁSGEIRSSON
DANSARAR ANAIS BARTHE BERGDÍS RÚN BIRKIR ÖRN KARLSSON BJARNI SÆVAR SVEINSSON BJÖRN DAGUR BJARNASON BRYNJAR BJÖRNSSON BRYNJAR DAGUR ALBERTSSON EVA DRÖFN BENJAMÍNSDÓTTIR HELGA SIGRÚN HERMANNSDÓTTIR
HÖSKULDUR ÞÓR JÓNSSON JAVIER VALINO JÓN EYÞÓR GOTTSKÁLKSSON LUIS LUCAS CABAMBE RAKEL KRISTINSDÓTTIR SAADIA AUÐUR DHOUR VIKTOR LEIFSSON
orkusalan
pepsi MAX
MIÐASALA FER FRAM Á TIX.IS/PALLI OG Í SÍMA 551-1380
NÁNAR HÉR: SENA.IS/PALLI
sena LIVE!

## Merkisatburðir

**753** f.Kr. segir sagan að Rómúlus og Remus hafi stofnað Róm.

**1648** Snjór var í mitti þennan dag á sléttlendi á Suðvesturlandi, segir í Setbergsannál.

**1800** Sex bátar úr Staðarsveit og Bjarneyjum fórust í miklu norðanveðri og með þeim 37 manns.

**1965** Nafnskírteini voru gefin út til allra Íslendinga, 12 ára og eldri. Um leið voru tekin upp svonefnd nafnnúmer.

**1971** Handritamálið: Fyrstu handritin komu heim frá Danmörku og voru það Flateyjarbók og Konungsbók Eddukvæða.

**1982** Bretar hófu aðgerðir til að endurheimta Suður-Georgíu frá Argentínu með því að senda þangað sérsveitarmenn.

**1989** Um 100 þúsund kínverskir mótmælendur söfnuðust saman á Torgi hins himneska friðar í Peking í Kína.





†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Borghildar Þórðardóttur**
frá Stöðvarfirði.

Sérstakar þakkir fyrir góða umönnun og virðingu færum við starfsfólki 3-N á hjúkrunarheimilinu Eiri í Reykjavík.

**Þórður Helgason** | **Svanhildur Kaaber**
**Guðjón Helgason**
**Þóra Helgadóttir** | **Sigurður S. Sighvatsson**
**Sólveig Helgadóttir** | **Óskar K. Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýju vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Fjólu Oddnýjar Sigurðardóttur**
Lækjasmára 2, Kópavogi.

**Gylfi Kristinn Sigurgeirsson** | **Bryndís S. Eiríksdóttir**
**Bára Guðlaug Sigurgeirsdóttir**
**Ásdís Sigurgeirsdóttir** | **Viðar Elliðason**
**Inga Hulda Sigurgeirsdóttir**
**Guðlaugur Sigurgeirsson** | **Guðrún Björg Bragadóttir**
**Guðbjörg Sigurgeirsdóttir** | **Kjartan Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# Sýningin sem kom skemmtilega á óvart

**Dansverkið Grrrrls eftir Ásrúnu Magnúsdóttur og stóran hóp af unglingsstelpum hefur hlotið óvænta velgengni á árinu, hátt í þúsund manns hafa séð verkið. Í verkinu leitar Ásrún svara við spurningum um hvernig það er að vera unglingsstelpa.**

Verkið er samið af mér í samstarfi við sautján unglingsstelpur á aldrinum þrettán til sextán ára. Sýningin fjallar um það að vera unglingsstelpa, hvað þær hugsa, gera, hvernig þær standa saman og styðja við hverja aðra,“ segir Ásrún Magnúsdóttir, dansari og danshöfundur, spurð út í verkið Grrrls , en sýningin kom skemmtilega á óvart, og hlaut meðal annars lesendaverðlaun DV í síðasta mánuði, ásamt því að hafa sýnt fyrir hátt í eitt þúsund áhorfendur í Tjarnarbíói.

„Það var mikill heiður að vinna þessi verðlaun, það þýðir einfaldlega við erum að gera eitthvað rétt, fólk er að hlusta á stelpurnar og skilur hvaða sögu þær eru að segja sem er mjög hvetjandi fyrir okkur,“ segir Ásrún.

Upphaflega átti að sýna verkið aðeins einu sinni en nokkrum sýningum hefur verið bætt við. Að sögn Friðriks Friðrikssonar, framkvæmdastjóra Tjarnabíós, mun þetta vera sú sýning sem kom hvað mest á óvart í vetur.

„Sýningin hefur verið sýnd sex sinnum fyrir fullu húsi hér í Tjarnarbíói, svo það hafa hátt í þúsund manns séð dansverkið hér hjá okkur,“ segir Friðrik.

Ásrún og stelpurnar í verkinu eru virkilega þakklátar fyrir þessi óvæntu og ánægjulegu viðbrögð.

„Viðbrögðin fóru fram úr okkar björtustu vonum sem er alveg frábært, það er greinilegt að fólk vill heyra í þessum stelpum, unglingsstelpum er kannski ekki oft gefið pláss í samfélaginu en þær hafa mjög margt að segja,“ segir hún þakklát.

Ásrún segir frábært að vinna með ungu fólki og samstarfið hafi gengið eins og í sögu. Sjöunda og jafnframt síðasta sýningin verður 30. apríl klukkan 17.30 á Barnamenningarhátíð.

Við ætlum að hafa frítt inn, svo allir geti komið og séð sýninguna. Best er að taka frá miða með því að senda tölvupóst á midasala@tjarnarbio.is. Þetta er alltaf sami hópur sem sýnir Girrrrls og stelpurnar eru alltaf að verða betri og betri. Það hefur gengið rosalega vel að vinna með þessum hæfileikaríku stelpum. Ég hef nánast heitið því að héðan í frá muni ég ekki vinna með neinum nema unglingum,“ segir Ásrún létt og bætir við að ferlið hafi einfaldlega verið svo skemmtilegt.

Í verkinu leitar Ásrún svara við spurningum um unglingsárin. Stelpurnar dansa í gegn um verkið og leitast við að svara þessari spurningu.

„Þetta er bara gjörsamlega þeirra heimur sem áhorfendum er boðið að kíkja inn í og vera hluti af í smá stund.



**Ásrún Magnúsdóttir, dansari og danshöfundur.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Í danshópnum eru sautján unglingsstelpur á aldrinum þrettán til sextán ára.** MYND/ÁSRÚN

Verkið var framleitt af Reykjavík Dance Festival og var upphaflega sýnt þar en svo höfum við bara haldið áfram og áfram sem er alveg frábært,“ segir Ásrún.

Hugmyndin að verkinu kemur frá Ásrúnu sjálfri og kviknaði fyrir um það bil tveimur árum.

„Mig langaði mikið til að taka þátt í þessari femínísku flóðbylgju sem er í gangi hérna á Íslandi og svara spurningum eins og hvað femínísk samstaða þýði fyrir hóp af unglingsstelpum í dag. Ég ákvað að heyra í yngstu kynslóðinni, það er að segja unglingsstúlkum sem ekki eru börn,“ útskýrir hún.

Ásrún útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands með BA-gráðu í samtímadansi árið 2011 og hefur síðan starfað bæði hér á Íslandi og erlendis með ýmsum danshópum.

„Ég vinn aðallega sem danshöfundur, núna er ég með tvö ný dansverk í gangi en get því miður ekki talað um þau alveg strax en vonandi fylgist fólk bara með,“ segir Ásrún spennt fyrir framhaldinu.

**gudrunjona@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST 21.APRÍL 2009

## Alþingi gerir kaup á vændi refsiverð með nýjum lögum

Alþingi Íslendinga samþykkti frumvarp til laga þennan dag árið 2009 sem gerðu það refsivert að greiða fyrir vændi. Lögin tóku þegar gildi.

Eftir það mátti sá sem staðinn var að kaupum á vændi eiga von á að sekt eða allt að eins árs fangelsisvist. Skálað var í kampavíni á skrifstofu Stígamóta af þessu tilefni og Guðrún Jónsdóttir, talskona samtakanna, sagði lögin hafa afar mikilvæga og táknræna þýðingu.

„Við hrósum þessari femínísku ríkisstjórn í hástert,“ sagði hún og benti á að skoðanakönnun Capacent frá árinu 2007 hefði sýnt að sjötíu prósent þjóðarinnar væru hliðholl þessari breytingu. Með þessum lögum urðu Íslendingar þriðja þjóðin til að fara hina svokölluðu sænsku leið. Svíar stigu fyrstir þetta skref og Norðmenn urðu aðrir í röðinni.



**Alþingi samþykkti að refsivert væri að greiða fyrir vændi.** FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# TAX FREE DAGAR



Nýju litirnir í léttlopanum eru komnir



Handklæði 2 stór og 2 lítil
**2.822**
verð áður 3.499



Viskastykki 2 stk í pk
**1.047**
verð áður 1.299




Verðdæmi verð frá
**281**
verð áður 349



Verðdæmi verð frá
**556**
verð áður 690

## ÖLL BÚSÁHÖLD OG GARN

ÁN VIRÐISAUKASKATTS*
DAGANA 21.-23. APRÍL

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.
*Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# FERSKT ALLA DAGA
## í Hagkaup

FERSKT með FLUGI



699 kr/kg

Spergilkál USA



399 kr/kg

Miniola USA



299 kr/kg

Jöklasalat frá Spáni



299 kr/kg

Blómkál frá Spáni



299 kr/kg

Ítalskar blóðappelsínur

VEGAN

Nýtt í Hagkaup



1.099 kr/stk

**Daiya Cheezecake**
Mjólkurlaus, glúteinlaus og Sojalaus.

AGROMONTE



349 kr/stk

**Agromonte**
Hágæða ítalskar vörur unnar úr kirsuberjatómötum frá Sikiley.

Nýtt í Hagkaup

TILBOÐ 25% afsláttur á kassa



674 kr/stk
verð áður 899

**Rustica pizzur**
Ham & mushroom og Pepperoni.

Nýtt í Hagkaup



249 kr/pk

449 kr/pk

**Ekta ítalskir eftirréttir**
Tíramísú, brownie, kirsuberja, sítrónu og jarðaberja.

BAKARÍIÐ



749 kr/stk

**Steinbakað súrdeigsbrauð**
Aldargömul frönsk uppskrift. Ekkert ger. Langtíma hefun.

kii naturals

Nýtt í Hagkaup



**Kii hrökkkex**
Unnið úr náttúrulegum hráefnum.

Gildir til 23. apríl á meðan birgðir endast.

# LOVE KOMBUCHA
## DRINK HEALTHY - FEEL HEALTHY

Nýtt í Hagkaup

Lífrænir Kombucha drykkir.
Svalandi drykkur með náttúrulegum meltingagerlum og bætiefnum.
Mjólkurlausir, glúteinlausir og Vegan.



399 kr/stk

549 kr/stk

Stærri flöskurnar fást einungis í Skeifunni og Garðabæ

24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg




## STÖKKAR SRIRACHA KJÚKLINGALUNDIR MEÐ GRÆNEPLA HRÁSALATI

600 g kjúklingalundir

***Marinering og sósa***
100 ml ólífuolía
4 msk eplaedik
2 msk hunang
2 msk laukduft
2 msk hvítlauksduft
10 msk Sriracha sósa
2 msk Soya sósa
svartur pipar

Setjið allt hráefnið nema kjúklingalundirnar í skál og blandið saman. Hellið helmingnum af marineringunni yfir kjúklinginn og setjið hinn helmingin af henni í skál og berið fram með kjúklingnum. Látið marineringuna standa á kjúklingunum í minnst fjóra tíma en best er að láta hana standa á honum yfir nótt.

***Til steikingar***
200 g hveiti
200 ml ab mjólk

Takið kjúklingalundirnar upp úr marineringunni og veltið upp úr ab mjólkinni og svo hveitinu. Hitið djúpsteikingarpott eða pott með olíu upp í 150°C og steikið lundirnar í pottinum í ca 6 mín. eða þar til lundirnar eru orðnar 74°C í kjarnhita.

***Grænepla hrásalat***
***Dressing fyrir hrásalat***
350 g majónes
30 g maple síróp
1 stk lime, börkur og safi
100 g sushi engifer

Setjið majónesið og maple sírópið í skál, rífið börkinn af lime-inu yfir með fínu rifjárni og kreistið svo safann yfir. Skerið engiferið fínt niður og blandið vel saman.

***Grænmeti í salat***
½ haus hvítkál
200 g gulrætur
1stk grænt epli
½ bréf kóríander
2 stk vorlaukur (fínt skorinn)

Skerið stilkinn úr hvítkálinu og skerið það svo fínt niður.

Skrælið gulræturnar og rífið niður í rifjárni ásamt eplinu. Skerið kóríanderinn gróft niður og setjið hann ásamt vorlauknum, gulrótunum og eplunum í skál, hellið dressingunni yfir og blandið vel saman.










HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Eftir órólega tíð undanfarið horfir nú til betri vegar. Í dag verður hæglætisveður í landinu. Skýjað með köflum og dálítil él á stöku stað. Þó ber að nefna að austanlands verður allhvasst framan af morgundegi, en síðdegis lægir þar eínnig. Hiti 0 til 5 stig.




### Laugardagur

| | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 4° | → 6 |
| Ísafjörður | -1° | ↘ 8 |
| Akureyri | 1° | → 9 |
| Egilsstaðir | 1° | → 7 |
| Kirkjubæjarkl. | 4° | → 6 |
| Hveravellir | -3° | → 6 |

### Sunnudagur

| | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 1° | ↓ 8 |
| Ísafjörður | -5° | ↙ 4 |
| Akureyri | -4° | ↓ 7 |
| Egilsstaðir | -2° | ↓ 9 |
| Kirkjubæjarkl. | 2° | ↓ 11 |
| Hveravellir | -6° | ↓ 9 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | 6 | | | | 9 |
| | 5 | | 4 | | 9 | 3 | | 7 |
| | | | 5 | | | | 6 | |
| 6 | 8 | | | | 3 | | | 5 |
| 3 | | | | 4 | | 9 | | |
| 9 | 7 | 1 | 6 | | | 4 | | |
| | | | | | | 1 | | 4 |
| | | 9 | | 7 | | 2 | | 3 |
| 7 | | 2 | | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | | 1 | | 6 | | | |
| 1 | 8 | | 3 | | | | | 6 |
| | | | 4 | | 2 | | 9 | |
| | | 6 | | 2 | | | | |
| 5 | | | | 1 | | 7 | | 4 |
| | | | 6 | | | | 2 | |
| 8 | | | 7 | | | 1 | | |
| | | | 9 | 5 | | | | |
| | 7 | 3 | | 4 | | 8 | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | | | 6 | | 2 | |
| | 1 | | | 4 | | 3 | | 7 |
| | | 7 | | | 3 | | | 6 |
| | | 1 | | | | | | |
| 7 | 9 | 5 | | | 1 | | 6 | |
| 8 | | 3 | | 6 | 4 | | | |
| 6 | | | | | 9 | | | 5 |
| | | 8 | | | | 1 | | |
| | 7 | | | | 5 | | | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 8 | 3 | 6 | 1 | 5 | 7 | 4 |
| 7 | 5 | 1 | 8 | 2 | 4 | 9 | 6 | 3 |
| 3 | 6 | 4 | 5 | 7 | 9 | 1 | 8 | 2 |
| 9 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 2 | 5 | 8 |
| 4 | 7 | 2 | 6 | 8 | 5 | 3 | 1 | 9 |
| 5 | 8 | 3 | 9 | 1 | 2 | 6 | 4 | 7 |
| 6 | 2 | 9 | 1 | 4 | 8 | 7 | 3 | 5 |
| 8 | 3 | 5 | 7 | 9 | 6 | 4 | 2 | 1 |
| 1 | 4 | 7 | 2 | 5 | 3 | 8 | 9 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 9 | 8 | 7 | 1 | 6 | 5 | 2 |
| 5 | 7 | 8 | 6 | 4 | 2 | 9 | 3 | 1 |
| 1 | 2 | 6 | 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 8 |
| 6 | 8 | 3 | 1 | 9 | 4 | 5 | 2 | 7 |
| 2 | 5 | 4 | 3 | 6 | 7 | 1 | 8 | 9 |
| 7 | 9 | 1 | 2 | 5 | 8 | 3 | 6 | 4 |
| 4 | 3 | 2 | 7 | 1 | 6 | 8 | 9 | 5 |
| 8 | 6 | 7 | 5 | 2 | 9 | 4 | 1 | 3 |
| 9 | 1 | 5 | 4 | 8 | 3 | 2 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 5 | 1 | 3 | 9 | 6 | 7 | 8 |
| 6 | 8 | 3 | 7 | 2 | 4 | 9 | 1 | 5 |
| 7 | 9 | 1 | 5 | 6 | 8 | 2 | 4 | 3 |
| 9 | 6 | 8 | 2 | 4 | 5 | 1 | 3 | 7 |
| 1 | 3 | 2 | 6 | 8 | 7 | 5 | 9 | 4 |
| 5 | 4 | 7 | 9 | 1 | 3 | 8 | 6 | 2 |
| 8 | 5 | 4 | 3 | 9 | 6 | 7 | 2 | 1 |
| 2 | 7 | 9 | 4 | 5 | 1 | 3 | 8 | 6 |
| 3 | 1 | 6 | 8 | 7 | 2 | 4 | 5 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. hljóðfæri
6. pot
8. vefnaðarvara
9. stígandi
11. gjaldmiðill
12. blakt
14. rabb
16. átt
17. fiskur
18. kóf
20. tvíhljóði
21. garga.

**LÓÐRÉTT**
1. svörður
3. stefna
4. rægja
5. for
7. andsvar
10. afbrot
13. knæpa
15. svif
16. sjáðu
19. í röð.



**LÁRÉTT:** 2. túba, 6. ot, 8. tau, 9. ris, 11. kr, 12. flökt, 14. skraf, 16. sv, 17. áll, 18. kaf, 20. au, 21. orga.
**LÓÐRÉTT:** 1. torf, 3. út, 4. baktala, 5. aur, 7. tilsvar, 10. sök, 13. krá, 15. flug, 16. sko, 19. fg.

## Skák Gunnar Björnsson

Ármann Pétursson (1.227) átti leik gegn Martin Wecker (2.134) í fyrstu umferð GAMMA Reykjavíkurskákmótsins.
Svartur á leik
**10. ... Bb4+! 11. Dxb4 Dd1#. 0-1.** Þetta voru óvæntustu úrslit fyrstu umferðar. Mikið er um að vera í Hörpu í dag. Fjórða umferðin, tveir fyrirlestrar og hraðskákmót. Allt um dagskrá dagsins á **www.skak.is:** Allt um Reykjavíkurskákmótið.





# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið

### Sautján ára stórstjarna

Hinn sautján ára gamli **Aron Can** gaf út sína fyrstu plötu í vikunni og syngur um líf sitt síðan hann skaust upp á stjörnuhimininn. Aron ræðir um frægðina og bakgrunn sinn en hann er af tyrkneskum ættum.



### Nærmynd af Tyrklandsforseta

Lýðræðið í núverandi mynd verður afnumið í Tyrklandi eftir sögulegar kosningar í vikunni og tekið verður upp forsetaræði. **Recep Tayyip Erdogan** hefur þannig náð sér í gríðarleg völd – en hver er maðurinn?

### Andvökunætur í lögreglunni



**Snorri Birgisson** rannsóknarlögreglumaður gefur innsýn í störf sín, segir frá hættulegri árás sem hann varð fyrir og ógnvekjandi staðreyndum varðandi mansal á Íslandi.

**Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi**


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



LAUGARÁS BÍÓ
midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
5%
FAST & FURIOUS 8 — SÝND KL. 7, 10
UNDIRHEIMAR — SÝND KL. 5.45, 8, 10.25
DÝRIN Í HÁLSASKÓGI — TILBOÐ KL 4 — SÝND KL. 4, 6
STUBBUR STJÓRI — TILBOÐ KL 4 — SÝND KL. 4
GET OUT — SÝND KL. 8, 10.15
STRUMPARNIR — TILBOÐ KL 4 — SÝND KL. 4

SAMBÍÓIN SAMbio.is
HÖRKU SPENNANDI ÞRILLER — EINS OG ÞEIR GERAST BESTIR
UNFORGETTABLE
FÆDDUR LEIÐTOGI — STUBBUR STJÓRI — SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI
THE SHACK — FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR LIFE OF PI OG THE BLIND SIDE
BEAUTY AND THE BEAST — Ein besta ævintýramynd allra tíma
GOING IN STYLE
GHOST IN THE SHELL

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA
UNFORGETTABLE KL. 5:50 - 8 - 10:10
FAST AND FURIOUS 8 KL. 5:10 - 8 - 10:45
FAST AND FURIOUS 8 VIP KL. 5:10 - 8 - 10:45
GOING IN STYLE KL. 5:50 - 8 - 10:10
A MONSTER CALLS KL. 5:40
GHOST IN THE SHELL 2D KL. 10:45
BEAUTY AND THE BEAST 2D KL. 5:10 - 8
KONG: SKULL ISLAND 2D KL. 10:45

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
UNFORGETTABLE KL. 8 - 10:20
STUBBUR STJÓRI ÍSL 2D KL. 5:30
FAST AND FURIOUS 8 KL. 5:20 - 7:40 - 10:30
GOING IN STYLE KL. 5:50 - 8 - 10:10
CHIPS KL. 8
BEAUTY AND THE BEAST 2D KL. 5:20
KONG: SKULL ISLAND 2D KL. 10:15

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI — NÚMERUÐ SÆTI
THE SHACK KL. 5:20 - 8 - 10:40
GOING IN STYLE KL. 8 - 10:10
GHOST IN THE SHELL 2D KL. 8 - 10:30
BEAUTY AND THE BEAST 3D KL. 5:20
LA LA LAND KL. 5:20
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK
UNFORGETTABLE KL. 8 - 10:45
DÝRIN Í HÁLSASKÓGI KL. 6
FAST AND FURIOUS 8 KL. 5:20 - 8 - 10:10

SAMBÍÓIN AKUREYRI
UNFORGETTABLE KL. 8 - 10:10
THE SHACK KL. 5:20
GOING IN STYLE KL. 8
GHOST IN THE SHELL 2D KL. 10:10
BEAUTY AND THE BEAST 2D KL. 5:20

# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 21. APRÍL 2017

### Tónlist

**Hvað?** Kórtónleikar í Fella- og Hólakirkju
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Fella- og Hólakirkju
Fram koma Kirkjukór Fella- og Hólakirkju og Vörðukórinn. Matthías Stefánsson leikur með á fiðlu og einsöng syngja Inga J. Backman og Kristín R. Sigurðardóttir. Kaffiveitingar í hléinu og tekið verður á móti tónleikagestum með harmonikkuleik og vordrykk í anddyri kirkjunnar frá klukkan 19.30 – 20.00. Miðaverð er 3.000 krónur og ókeypis fyrir börn 14 ára og yngri.


Valdimar verður gestur Jóns Ólafssonar í Af fingrum fram í Kópavogi í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

**Hvað?** Latínfjör á föstudegi
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kirkjuhvoli, safnaðarheimili Vídalínskirkju
Á föstudagskvöldinu 21. apríl verður boðið upp á sannkallaða Latíndjassveislu í Kirkjuhvoli þegar Tómas R. Einarsson mætir með 10 manna hljómsveit skipaða nokkrum af fremstu söngvurum og hljóðfæraleikurum landsins, þar á meðal söngvarana Sigríði Thorlacius og Bogomíl Font. Hljómsveitin flytur latíndjass af metsöluplötunni Bongó sem kom út fyrir síðustu jól.

**Hvað?** Af fingrum fram með Valdimar Guðmundssyni og Jóni Ólafssyni
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Stapa, Reykjanesbæ
Á örfáum árum hefur Keflvíkingurinn Valdimar Guðmundsson orðið einn albesti söngvari vorra daga. Það virðist ekki skipta máli á hverju hann spreytir sig; allt verður að gulli. Fjölbreyttur ferill þessa unga flytjanda verður í brennidepli þegar hann heimsækir Jón Ólafsson og saman flytja þeir uppáhaldslög Valdimars, hans eigið efni og ræða lífið og tilveruna. Af nógu er að taka.

**Hvað?** Helter Skelter
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Hard Rock Café, Lækjargötu
The Beatles heiðurstónleikar – Hin lögin! Helter Skelter er orðin íslenskum Bítlaaðdáendum vel kunnug eftir að hafa verið starfrækt rétt rúm 2 ár. Á þeim tíma hafa þeir ekki ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur og hafa m.a. flutt Revolver, White Album og Abbey Road plötur The Beatles í heild sinni. Nú er komið að blönduðum tónleikum þar sem hin lögin fá að njóta sín. Lagalistinn inniheldur minna spilaðar perlur sem sannir aðdáendur Bítlanna fá sjaldan að heyra á tónleikum. Það er þó ekki svo að þekktu slagararnir fái ekki að fljóta með inn á milli. Þetta verður bara góð blanda af frábærum lögum þessarar mögnuðustu rokkhljómsveitar sögunar.


Bítlahljómsveitin Helter Skelter spilar á Hard Rock Café og verður lögð áhersla á þau lög Bítlanna sem heyrast sjaldnar.

**Hvað?** Rokkið í 60 ár
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Salnum, Kópavogi
Frumherjar rokksins hér á landi frá 1957 ásamt hljómsveit Birgis J. Birgissonar. Miðaverð 4.500-4.900 krónur.

### Viðburðir

**Hvað?** Ráðstefna á vegum Sambands íslenskra myndlistarmanna
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Rúgbrauðsgerðinni, Borgartúni
Ráðstefna á vegum Sambands íslenskra myndlistarmanna með yfirskriftinni Svona verður framtíðin, hvernig komumst við þangað? Á ráðstefnunni verður farið yfir stöðu myndlistarmanna á Íslandi, og mannréttindi í tengslum við kjarabaráttu myndlistarmanna. Einnig verður litið til nágrannaríkjanna til samanburðar við stöðuna hér á landi.

**Hvað?** Pólskir dagar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Pólskir dagar verða haldnir í sjötta sinn dagana 21.-22. apríl 2017. Hátíðin er skipulögð af pólska sendiráðinu í samstarfi við Bíó Paradís. Opnunarmynd hátíðarinnar er Afterimage, síðasta kvikmynd leikstjórans Andrzej Wajda sem lést í fyrra.

**Hvað?** Uppgangur Black Lives Matter-hreyfingarinnar: Kynþáttur og löggæsla í Bandaríkjunum
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Þjóðminjasafni Íslands
Dr. Rashawn Ray heldur níunda fyrirlestur vormisseris í fyrirlestraröð RIKK og Jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna, í samstarfi við félags- og mannvísindadeild á félagsvísindasviði Háskóla Íslands. Í fyrirlestrinum mun Rashawn fjalla um hvernig nýleg morð lögreglunnar í Bandaríkjunum hafa endurvakið umræður um kynþætti, glæpi og mismunun. Hann notar gögn úr stórri rannsókn á #BlackLives-Matter og samskiptum lögreglu og borgara til að skoða hvernig undirliggjandi hlutdrægni gegnsýrir löggæsluna og viðheldur kynþáttamismunun.

BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
Spólað yfir hafið 18:00
I, Daniel Blake 18:00
Almost Famous 20:00
Moonlight 20:00
Glory 22:00
Genius 22:00
ALMOST FAMOUS
FROM TOP TO BOTTOMS




Stórskemmtilegir þættir fyrir alla fjölskylduna þar sem tvö lið þeysast um Asíu í kapphlaupi við tímann og freista þess að safna stigum með því að leysa ævintýralegar og afar fjölbreyttar þrautir. Liðin eru mönnuð snillingunum Audda, Sveppa, Steinda Jr. og Pétri Jóhanni.

FRÁBÆRT FÖSTUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

MARTHA & SNOOP'S POTLUCK DINNER PARTY

Beittur og fáránlega skemmtilegur þáttur í umsjón eldhúsdrottningarinnar Mörthu Stewart og rapparans Snoop Dogg sem eru eins ólík og hugsast getur en eiga það sameiginlegt að hafa mikið dálæti á mat.






MY DOG SKIP

Hugljúf og skemmtileg fjölskyldumynd um ungan dreng sem er heldur lítill í sér í samskiptum við aðra krakka þar til hann fær hvolpinn Skip í níu ára afmælisgjöf.



PAWN SACRIFICE

Frábær mynd um ævi skáksnillingsins Bobby Fischer og einvígi hans um heimsmeistaratitilinn við Boris Spassky sem haldið var í Reykjavík árið 1972.

EVERY SECRET THING

Rannsóknarlögreglukona hefur í mörg ár séð eftir að hafa ekki getað bjargað lífi hvítvoðungs sem tvær ungar stúlkur rændu og myrtu síðan að lokum.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is




# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Kalli kanína og félagar
**07.45** The Middle
**08.10** Tommi og Jenni
**08.30** Pretty Little Liars
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** The Restaurant Man
**11.20** The Goldbergs
**11.40** The Detour
**12.05** Lóa Pind: Bara geðveik
**12.35** Nágrannar
**13.00** Hugh's War on Waste
**14.00** Lily & Kat
**15.30** Drumline: A New Beat
**17.15** Simpson-fjölskyldan
**17.40** Bold and the Beautiful
**18.05** Nágrannar
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** Martha & Snoop's Potluck Dinner Party
**19.45** Asíski draumurinn Nýir, hörkuspennandi og skemmtilegir þættir um tvö lið sem þeysast um Asíu í kapphlaupi við tímann og freista þess að safna stigum með því að leysa ævintýralegar og afar fjölbreytar þrautir eins og t.d. fara í hæsta teygjustökk í heimi, skjóta úr basúku og fara í zombiegöngu til að safna stigum. Liðin eru mönnuð snillingunum Audda, Steinda, Sveppa og Pétri Jóhanni.
**20.20** My Dog Skip
**21.55** Pawn Sacrifice
**23.50** Almost Married
**01.35** Premature Gamanmynd frá 2014 um hann Rob Crabbe sem byrjar að upplifa sama daginn aftur og aftur. Og þetta er enginn venjulegur dagur því Rob þarf ekki bara að standast áheyrnarpróf til að komast í háskóla heldur er þetta dagurinn þegar hann missir sveindóminn – næstum því. Það er nefnilega þá sem hann vaknar skyndilega aftur upp í rúminu sínu sama morguninn! Í fyrstu er þetta skrítið en svo verður þetta vandræðalegt og að lokum verður Rob að finna út úr því hvað veldur þessum álögum.
**03.05** The Day Hitler Died
**03.55** Lily & Kat
**05.20** Rush Hour

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00** Leicester - Atletico Madrid
**08.45** Real Madrid - Bayern München
**11.05** Meistaradeildarmörkin
**11.40** Premier League Review
**12.35** Besiktas - Lyon
**14.20** Schalke - Ajax
**16.00** Manchester United - Anderlecht
**17.40** Evrópudeildarmörkin
**18.30** Grindavík - KR
**21.05** Domino's-körfuboltakvöld
**21.30** Premier League Preview
**22.00** PL Match Pack
**22.30** Sevilla - Granada
**01.50** Þýsku mörkin

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.20** Besiktas - Lyon
**09.00** Schalke - Ajax
**10.40** Manchester United - Anderlecht
**12.20** Fulham - Aston Villa
**14.05** Derby - Huddersfield Town
**15.50** Keflavík - Snæfell
**17.30** Premier League World
**18.00** PL Match Pack
**18.30** FA Cup - Preview Show
**21.10** La Liga Report
**21.40** Evrópudeildarmörkin
**22.30** Norwich - Brighton
**00.10** Grindavík - KR
**01.50** Domino's-körfuboltakvöld
**02.20** Bundesliga Weekly

## STÖÐ 3

**17.30** The Big Bang Theory
**17.50** The New Girl
**18.15** Anger Management
**18.40** Modern Family
**19.05** Curb Your Enthusiasm
**19.40** Silicon Valley
**20.10** The New Adventures of Old Christine
**20.35** Gilmore Girls
**21.20** Izombie
**22.05** Entourage
**22.30** Fresh off she Boat
**22.55** Curb Your Enthusiasm
**23.25** Silicon Valley
**23.55** The New Adventures of Old Christine
**00.20** Gilmore Girls
**01.00** iZombie
**01.45** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Könnuðurinn Dóra
**07.24** Mörgæsirnar
**07.47** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Lalli
**08.55** Rasmus Klumpur
**09.00** Strumparnir
**09.25** Hvellur keppnisbíll
**09.37** Ævintýraferðin
**09.49** Gulla og grænjaxlarnir
**10.00** Víkingurinn Viggó
**10.11** Zigby
**10.25** Stóri og Litli
**10.38** Brunabílarnir
**11.00** Könnuðurinn Dóra
**11.24** Mörgæsirnar
**11.47** Doddi litli og Eyrnastór
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Lalli
**12.55** Rasmus Klumpur
**13.00** Strumparnir
**13.25** Hvellur keppnisbíll
**13.37** Ævintýraferðin
**13.49** Gulla og grænjaxlarnir
**14.00** Víkingurinn Viggó
**14.11** Zigby
**14.25** Stóri og Litli
**14.38** Brunabílarnir
**15.00** Könnuðurinn Dóra
**15.24** Mörgæsirnar
**15.47** Doddi litli og Eyrnastór
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Lalli
**16.55** Rasmus Klumpur
**17.00** Strumparnir
**17.25** Hvellur keppnisbíll
**17.37** Ævintýraferðin
**17.49** Gulla og grænjaxlarnir
**18.00** Víkingurinn Viggó
**18.11** Zigby
**18.25** Stóri og Litli
**18.38** Brunabílarnir
**19.00** The Boxtrolls



Könnuðurinn Dóra kl. 07.00, 11.00 og 15.00

## GOLFSTÖÐIN

**07.55** Valero Texas Open
**10.55** Champions Tour Highlights
**11.50** Lotte Championship
**15.15** Golfing World
**16.05** Inside the PGA Tour
**16.30** Valero Texas Open
**19.30** Valero Texas Open
**22.30** Lalla Meryem Cup

## BÍÓSTÖÐIN

**12.30** Garfield: A Tail of Two Kitties
**13.50** Grown Ups
**15.35** The Duff
**17.15** Garfield: A Tail of Two Kitties
**18.35** Grown Ups Gamanmynd frá 2010 með Adam Sandler, Kevin James, Sölmu Heyek og fleirum. Eftir að körfuboltaþjálfari fimm manna vinahóps úr menntaskóla fellur frá, hittist vinahópurinn aftur yfir þjóðhátíðarhelgi, til að endurnýja kynnin.
**20.20** The Duff Gamanmynd frá 2015 sem fjallar um menntaskólanema sem hristir upp í goggunarröðinni í félagslífinu eftir að hún kemst að því að hún hefur fengið á sig stimpilinn Duff (Designated Ugly Fat Friend) af fallegri og vinsælli vinum sínum. Bianca hefur aldrei gert sér háar hugmyndir um sjálfa sig heldur bara reynt að vera góð persóna sem gerir rétt bæði gagnvart sjálfri sér og öðrum. Kvöld eitt er hún að tala við aðalgæjann í skólanum, hinn afar myndarlega Wesley, sem segir henni þá skoðun sína að ástæðan fyrir því að vinkonur hennar umbera hana sé að hún láti þær líta betur út.
**22.00** Every Secret Thing
**23.35** The Wedding Video
**01.10** The Social Network
**03.10** Every Secret Thing

## RÚV

**17.00** Á spretti
**17.20** Landinn
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Pósturinn Páll
**18.16** Kata og Mummi
**18.28** Bláí jakkinn
**18.29** Kóðinn – Saga tölvunnar
**18.30** Jessie
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Miranda
**20.15** Útsvar
**21.30** Vikan með Gísla Marteini
**22.15** Extract
**23.45** Java Heat
**01.25** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** America's Funniest Home Videos
**08.25** Dr. Phil
**09.05** 90210
**09.50** Jane the Virgin
**10.35** Síminn + Spotify
**12.25** Dr. Phil
**13.05** The Voice USA
**13.50** Man With a Plan
**14.15** The Mick
**14.40** Speechless
**15.05** The Biggest Loser
**15.50** The Biggest Loser
**16.35** The Tonight Show
**17.15** The Late Late Show
**17.55** Dr. Phil
**18.35** King of Queens
**19.00** Arrested Development
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** America's Funniest Home Videos
**20.15** The Voice USA
**21.45** The Bachelorette
**23.15** The Tonight Show
**23.55** Californication
**00.25** Prison Break
**01.10** Secrets and Lies
**01.55** Ray Donovan
**02.40** The Walking Dead
**03.25** Extant
**04.10** The Tonight Show
**04.50** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |


LaLiga Santander
El Clásico
Stærsti fótboltaleikur ársins!
Real Madrid C.F
F.C. Barcelona
Sunnudaginn 23. apríl kl. 18:40
Tryggðu þér áskrift á aðeins 399 kr. á dag*
11.990 kr. á mánuði
SPORT
SPORTPAKKINN
*miðað við 12 mánaða bindingu
SPORT
BESTA SÆTIÐ
SÍMI 1817
365.IS
365

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Lífrænt **AVOCADO**

398 kr. 2 stk.

**Lífrænt Avocado**
250 g, 2 stk.

398 kr. 2 stk.

**Mangó**
2 stk., ca. 650 g

500g

498 kr. 500 g

**Græn Aspas**
Holland, 500 g

Ferskur **MAÍS**

139 kr. stk.

**Ferskur Maís**
Ca. 240 g

259 kr. 270 ml

**Bónus Hvítlaukssósa,** 270 ml
**Bónus Piparsósa,** 270 ml

STONE OVEN PIZZA MARGHERITA

198 kr. stk.

**ES Ostapizza**
Frosin, 300 g

198 kr. pokinn

**Bónus Frise Blanda,** 100 g
**Bónus Spínat,** 100 g
**Bónus Klettasalat,** 75 g

**ORKUDRYKKUR**
Líka til sykurlaus

59 kr. 250 ml

**ES Orkudrykkur**
250 ml, 3 teg.

259 kr. 55 g

**Barebells Próteinbar**
55 g, 3 tegundir

298 kr. 200 g

**Bónus Spínat**
200 g

ENGIN KOLVETNI

249 kr. 330 ml

**Nocco BCAA Orkudrykkur**
330 ml, 5 teg.

395 kr. 500 g

**ES Bláber**
Frosin, 500 g

395 kr. 1 kg

**ES Jarðarber**
Frosin, 1 kg

Verð gildir til og með **23. apríl** eða meðan birgðir endast

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**Íslenskur KJÚKLINGUR á góðu verði**




**1.798** kr. kg
**Bónus Kjúklingabringur**
Ferskar

**698** kr. kg.
**Bónus Kjúklingur**
Ferskur, heill

**298** kr. kg.
**Bónus Kjúklingavængir**
Ferskir

## GOTT VERÐ Í BÓNUS




**498** kr. 2x120 g
**Íslandsnaut Hamborgarar**
2x120 g




**198** kr. 300 g
**Bónus Hamborgarasósa**
300 g

**ÍSLENSKT Nautakjöt**




**398** kr. 2x100 g
**Stjörnunaut Smass Hamborgarar**
2x100 g

**469** kr. 2x120 g
**Stjörnunaut Smass Hamborgarar**
2x120 g




**1.298** kr. kg
**Bónus Grísakótilettur**
Ferskar, kryddaðar

**ÍSLENSKT Grísakjöt**




**1.298** kr. kg
**Bónus Grísakótilettur**
Ferskar, með beini

**Ferskur ÍSLENSKUR fiskur**




**2.298** kr. kg
**Norðanfiskur Laxaflök**
Beinhreinsuð, fersk

**2.398** kr. kg
**Norðanfiskur Laxaflök**
Beinhreinsuð, fersk, krydduð

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

# Gallapils, tóbaksklútar og berar axlir



Tóbaksklútar eru aðalmálið um þessar mundir.





Tónlistarhátíðin Coachella fór fram í hinni sólríku Kaliforníu um síðustu helgi og gefa hátíðargestir alltaf smá forsmekk af sumartískunni. Blómakrönsunum vinsælu hefur nú verið skipt út fyrir tóbaksklúta um hálsinn, blússur og kjólar sem sýna berar axlir og gallapils voru áberandi. Eitthvað til að leika eftir þegar hitastig hækkar hér á landi, eða jafnvel strax? Fáum innblástur fyrir sumarið, sem samkvæmt dagatalinu á að vera mætt í allri sinni dýrð.





Skyrtur og kjólar sem leyfa berum öxlunum að njóta sín er eitt vinsælasta trend sumarsins.





Blómamynstur og gallaefni er skothelt á heitum sumardögum.





Netasokkubuxur setja punktinn yfir i-ið. NORDICPHOTOS/GETTY

GLAMOUR
Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
• Facebook • Instagram • Twitter

# Glamúrinn í hámarki

Glamúrinn var svo sannarlega í hámarki þegar tímaritið Harper's Bazaar fagnaði merkilegum tímamótum en nú eru liðin 150 ár síðan fyrsta tölublaðið kom út. Stjörnurnar flykktust í fagnaðinn sem var haldinn í samstarfi við Tiffany & Co, og allir í sínu fínasta pússi að sjálfsögðu.



Hönnuðurinn Vera Wang klæddist svörtu frá toppi til táar. NORDICPHOTOS/AFP



Coco Rocha setti sig í stellingar fyrir ljósmyndara.



Leikkonan Priyanka Chopra var smart í fölbleikum kjól.



Fyrirsætan Kendall Jenner var glæsileg í flegnum kjól frá Redemption.



Hönnuðurinn Tory Burch lét sig ekki vanta.



Hin 63 ára Christie Brinkley er alltaf jafn flott.



Leikkonan Demi Moore var töff í leðurpilsi og stuttermabol frá tískuhúsi Monse.



















## Föstudags-playlisti Lífsins

## Geoffrey Þór Huntington-Williams

FRAMKVÆMDASTJÓRI PRIKSINS

„Það er alltaf nóg að gera á Prikinu og við fögnum nýútkominni plötu Arons Can yfir helgina. Þessi playlisti er drifbensín á daglegu verkin. Sé stuð,“ segir Geoffrey, potturinn og pannan á Prikinu, sem dregur upp úr vasanum lagalista sem er eins og kvöld á Prikinu þjappað saman í 10 lög.

Föstudags-playlista Lífsins má einnig finna á Spotify undir notandanafninu Visir.

PLAY FOLLOW

| LAG | FLYTJANDI |
|---|---|
| Netflix & dusse | Smino |
| Gyalchester | Drake |
| Chances | Migos/Young Thug |
| Ekki switcha | Birnir |
| New Pirelli | Eli Sostre |
| Love You Crazy | 24hrs |
| Might Be | dj Luke Nasty |
| Brand New | Section Boys |
| Fullir vasar | Aron Can |
| Cold | Post Malone |

# Stefna á að fara 560 km á hlaupahjóli

Þriggja manna teymi sem kallar sig **#ScootingRecord** stefnir að því að slá Guinness-heimsmet í lengstu vegalengd á hlaupahjóli á innan við 24 klukkustundum. Hópurinn á krefjandi verkefni fyrir höndum.

Við ætlum að mynda lið 25 þátttakenda til þess að ferðast heimsins lengstu vegalengd á hlaupahjóli á 24 klukkustundum, og stefnt er á að fara 560 km, sú vegalengd mun tryggja okkur titilinn. Við erum þrjú sem erum að fara af stað með þessa heimsmetstilraun og langar að fá með okkur í lið hrausta og hressa einstaklinga sem vilja taka þátt,“ segir Sigríður Ýr Unnarsdóttir sem skipar #ScootingRecord-teymið ásamt þeim Michael Reid og Bjarti Snorrasyni.

Hópurinn sem kemur að heimsmetstilrauninni er bjartsýnn á að hægt sé að slá núgildandi met yfir lengstu vegalengd á hlaupahjóli á 24 klukkustunum sem sett var af The Night Razors-teyminu þann 17. maí 2014 í Bandaríkjunum þegar þau ferðuðust 553,72 km. „Við erum bjartsýn en auðvitað eru margir þættir sem þurfa að ganga upp til þess að við náum því markmiði. Helsta áskorun okkar í þessu verkefni mun líklega vera mannlegi þátturinn. Við erum að setja saman lið sem samanstendur af 25 einstaklingum sem þurfa að vinna vel saman og gefa sig alla í þetta verkefni. Ferlið er langt og strangt og þetta snýst ekki bara um það að hlaupahjóla nægilega hratt, heldur þarf góða liðsheild því metið snýst bæði um líkamlega getu og andlega þar sem tilraunin tekur heilan sólarhring og takmarkaður tími gefst til þess að hvílast, þar sem allir þurfa að vera í viðbragðsstöðu.

Við vitum hvað þarf til þess að fá heimsmet staðfest frá Guinness þar sem við höfum farið í gegn um ferlið áður og búum að þeirri reynslu,“ útskýrir Sigríður sem ásamt Michael gerði tilraun tilraun til að slá heimsmet í Bandaríkjunum í fyrra, fyrir lengstu vegalend á „pocket-bike“-mótorhjóli. Og ætlunarverkið tókst. „Ferlið var langt og strangt og í upphafi virtust áskoranirnar óyfirstíganlegar. Á endanum náðum við þó að yfirstíga allar hindranirnar og slá heimsmetið sem varð til þess að við leituðum uppi svipaðar áskoranir og fundum þetta met.“



Sigríður, Bjartur og Michael stunda öll fjölbreytta líkamsrækt en ekkert þeirra hefur þó lagt hlaupahjólreiðar sérstaklega fyrir sig. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Spurð út í hvað sé svona spennandi við að slá Guinness-heimsmet segir Sigríður: „Að vera Guinness-heimsmethafi er ein æðsta viðurkenning sem hægt er að öðlast innan ævintýraiðnaðarins. Þetta er flókið ferli og sjálf framkvæmdin er aðeins lítill hluti af því sem þarf að gera til þess að slá met. Heimsmetabók Guinness er bók sem fjölmörg ungmenni lesa um heim allan og láta sig dreyma um að vera í bókinni einn daginn. Langflestir snúa sér þó að öðru og láta þá drauma aldrei verða að veruleika en við ákváðum að leggja allt undir og taka þessari áskorun.“ Í leiðinni ætlar hópurinn líka að safna áheitum fyrir Slysavarnafélagið Landsbjörg.

**HELSTA ÁSKORUN OKKAR Í ÞESSU VERKEFNI MUN LÍKLEGA VERA MANNLEGI ÞÁTTURINN.**

### Hlaupahjól vanmetin á Íslandi

Sigríður, Michael og Bjartur eru öll sammála um að hlaupahjól séu frekar vanmetin farartæki hér á landi. „Hlaupahjól eru frábær fyrir þær sakir að þau eru handhæg og það tekur virkilega á að spretta á hlaupahjóli – krefst bæði líkamlegs styrks og tækni. Það má því segja að þau séu vanmetin hér á landi þar sem þau eru aðallega notuð af börnum við leik en víða erlendis þekkist það að fullorðnir noti hlaupahjól sem bæði samgöngutæki og einnig er þetta keppnisíþrótt,“ útskýrir Sigríður. Þess má geta að í heimsmetstilraunina verður hlaupahjól af tegundinni Kickbike Race Max 20 notað.

Þeir sem hafa áhuga á að komast í teymið og slá heimsmetið og láta gott af sér leiða með þeim Sigríði, Michael og Bjarti geta kynnt sér málið nánar á kynningu sem haldin verður á Gló í Fákafeni á sunnudaginn klukkan 13.00. „Þá bjóðum við áhugasömum að koma og hitta okkur og sækja um að verða meðlimir í #ScootingRecord-teyminu. Guinness setur 18 ára aldurstakmark á meðlimi.“

**gudnyhronn@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




# OPNUM LANDIÐ

OPNUNARVERÐ Á VÖLDUM OG VÖNDUÐUM RAFTÆKJUM.
KOMDU Í SÍÐUMÚLANN OG SJÁÐU HVERNIG BETRA BORGAR SIG.



**YAMAHA RN402DBL**
2x100W Network magnari með innbyggðu Wifi.
**39.990. kr**



**JBL BOOSTTV**
Nettur Soundbar með Bluetooth.
**14.990. kr**



**LG OLED55B6V**
55“ Ultra HD OLED snjallsjónvarp.
**239.990. kr**



**INDESIT IWD71482B**
1400 snúninga og 7 kg þvottavél með rafeindastýrðum kerfisveljara og hitastilli.
**29.990. kr**



**BEKO GNE114612X**
182 cm tvöfaldur kæliskápur með frysti og multizone möguleika. Stál.
**159.990. kr**



**LG 65UH6157**
65“ Ultra HD snjallsjónvarp.
**149.990. kr**



**SEVERIN SM3710**
1000W blandari með tveim hraðastillingum og púls. Stál.
**9.990. kr**

## BETRA BORGAR SIG

Opið virka daga 10 – 18 og laugardaga 11 – 16

RAFLAND
Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177



**BAKÞANKAR**

Hildar Björnsdóttur




# Baðfylli af bruðli

Þetta skiptir engu máli," sagði hún glaðbeitt. Alnetskaupin afgreidd af fullkomnu kæruleysi. Algjörlega óvíst hvort flíkurnar reyndust passlegar eða nothæfar. Það var aukaatriði. Flíkurnar voru svo ódýrar.

Umhverfinu stafar bráð hætta af neyslumynstri mannskepnunnar. Við gerum engan greinarmun á þarfa og óþarfa. Neytum af hraða og græðgi. Nærtækt dæmi er ofneysla á fatnaði.

Á unglingsárum hélt ég gjarnan utan – sótti klæði fyrir komandi vetur. Afkomu sumarsins nurlað saman. Verslanir þræddar af sjúkri ákefð. Tryggt skyldi ærlegt magn fyrir aurinn.

Uppsóp ferðanna entist sjaldan veturinn. Klæðin þoldu illa þvott. Endingargildið lítið. En það skipti engu. Fatnaðurinn var svo ódýr.

Bresku umhverfissamtökin WRAP telja hvert meðalheimili eiga fatnað sem samsvarar þyngd 100 gallabuxna. Við framleiðslu á fatamagni hvers heimilis þarf vatn sem fyllt gæti 1.000 baðkör. Fatnaðurinn skilur eftir sig kolefnisspor sem samsvarar meðalútblæstri bifreiðar við 10.000 km akstur.

Vatnsbirgðir fara þverrandi. Alþjóðastofnanir áætla að brátt muni helmingur mannkyns búa við vatnsskort. Á sama tíma bruðlum við baðfyllum vatns í óþarfa fataframleiðslu – framleiðslu sem oft fer fram á vatnsþurrum svæðum.

Samkvæmt WRAP mætti minnka skaðleg umhverfisáhrif fataframleiðslu með örlítið breyttu neyslumynstri. Fyrsta skrefið er aukin meðvitund. Kaup á færri – kannski dýrari – en endingarbetri klæðum. Minni sóun. Meiri gæði. Færri baðfyllir af bruðli.








